

Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir beina orðum sínum til þín sem tryggingartaka okkar og samningsaðila.

A hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B hluta.

Þátturinn Ellilífeyrir - Framtíðarlífeyrir Klassík E70

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta
2. Bætur úr hagnaðarhlutdeild
3. Bótapegi og millifærsla bóta
4. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta
5. Samstarfsskyldur þínar
6. Kostnaður vegna samningsins
7. Undanþága frá greiðslu iðgjalds
8. Uppsögn
9. Möguleikar við samningsgerð

Þátturinn Eftirlífendalífeyrir - Höfuðstóll við andlát E627

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta
2. Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild
3. Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins
4. Tengsl þáttarins Höfuðstóll við andlát við Grunnþáttinn
5. Möguleikar við samningsgerð 18

Þátturinn Eftirlífendalífeyrir – Höfuðstóll við andlát af slysförum E3

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta
2. Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild

3. Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins
4. Takmarkanir bóta og útilokanir frá bótum
5. Sérstakar samstarfsskyldur þínar
6. Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar
7. Tengsl þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum við Grunnþáttinn
8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds og uppsögn þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum

B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt.

Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A hluta. Reglur B hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Upphaf tryggingarverndar
2. Tryggingarskírteini
3. Aðrar samstarfsskyldur

C hluti - Almennar reglur

Reglur C hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Upphaf tryggingarverndar
2. Tryggingarskírteini
3. Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu
4. Þýskur réttur
5. Varnarþing
6. Fyrning

Hugtakaskýringar

Í lok tryggingarskilmála er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem notuð eru í textanum. Í texta fyrsta þáttar höfum við auðkennt þessi hugtök með „→“. Dæmi: →Tryggingartaki.

Tryggingarskilmálar:

A hluti - Þátturinn Ellilífeyrir - Framtíðarlífeyrir Klassík E70

A hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B hluta.

Þátturinn Ellilífeyrir - Framtíðarlífeyrir Klassík

E70

Hér er að finna reglur þáttarins Ellilífeyrir. Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum þá er í reglum þeirra fjallað um þáttinn Ellilífeyrir sem grunnþátt.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 1.1 Hvaða bætur greiðum við frá upphafi lífeyristöku?
- 1.2 Hvaða bætur greiðum við við andlát fyrir upphaf lífeyristöku?
- 1.3 Hvaða bætur greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?
- 1.4 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

1.1 Hvaða bætur greiðum við frá upphafi lífeyristöku?

Ef →hinn tryggði er á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði lifir.

Ef samið var um →félagatryggingu og ef allir →hinir tryggðu eru á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan lífeyri á meðan að minnsta kosti einn hinna tryggðu er á lífi.

Allt eftir því hvernig um var samið greiðum við lífeyrinn mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálfis árs fresti eða einu sinni á ári, og alltaf á fyrsta →virka bankadegi eftir umsamda gjalddaga.

1.2 Hvaða bætur greiðum við við andlát fyrir upphaf lífeyristöku?

(1) Bætur í umsaminni Endurgreiðslu iðgjalds-Plús

Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús og →hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við bætur sem nema upphæð →bótahöfuðstóls þáttarins Ellilífeyrir (án tillits til hlutdeildar í hagnaði og án greiðslna úr fleiri þáttum sem hugsanlega var samið um).

En þó greiðum við að minnsta kosti bætur sem nema greiddum iðgjöldum fyrir þáttinn Ellilífeyrir.

(2) Bætur í umsaminni endurgreiðslu iðgjalds

Ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds og →hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við bætur sem nema greiddum iðgjöldum fyrir þáttinn Ellilífeyrir.

(3) Hærrí bætur undir vissum kringumstæðum

Ef →hinn tryggði andast innan 3ja mánaða frá fæðingu barns hins tryggða eða frá því að hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling, greiðum við höfuðstóll sem nemur 25.000 evrum, óháð bótum samkvæmt 1. og 2. mgr. Ef um fjölburafæðingar eða ættleiðingar

fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni.

Ef þú tilkynnir okkur skriflega um fæðinguna eða ættleiðinguna innan þriggja mánaða skriflega (til dæmis bréf, símbréf, tölvupóstur) lengist þessi tryggingarvernd við andlát í samtals sex mánuði.

1.3 Hvaða bætur greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Bætur við umsamda greiðslu höfuðstóls við andlát án þáttarins Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku

Ef →hinn tryggði andast eftir upphaf lífeyristöku og ef

- samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og ef

- ekki var samið um þáttinn Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku,

greiðum við umsaminn höfuðstól að frádregnum þeim tryggða lífeyri →frá upphafi lífeyristöku sem þegar hefur verið greiddur. Með greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

(2) Bætur við umsamda greiðslu höfuðstóls við andlát og umsaminn þáttinn Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku

Ef sá sem síðast er á lífi (→hinn tryggði eða →hinn meðtryggði) andast og ef

- samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og ef

þá greiðum við umsaminn höfuðstól, að frádreginni einni útborgaðri tryggðri lífeyrisgreiðslu úr þættinum Ellilífeyrir, →frá upphafi lífeyristöku, fyrir hvern gjalddaga lífeyrisgreiðslu sem sá hefur lifað sem lengst lifði. Með greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

1.4 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

(1) Reikniforsendur við samningsgerð

Við gerð samningsins notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum bótum:

- við útreikning á tryggðum bótum samkvæmt tölul. 1.1, 1.2, 2. mgr., sem og tölulið 1.3 í dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2012 R U“ (→töflur) og →reiknivextina 0,9 prósent eða, ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát, dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2012 T U“ (→töflur) og reiknivextina 0,9 prósent á →biðtímanum.
- við útreikning á tryggðum bótum samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 →reiknivextina 0,9 prósent og
- kostnað vegna þáttarins Ellilífeyrir (sjá nánar í tölulið 6.1).

Ef samið var um þáttinn Ellilífeyrir gegn iðgjaldseingreiðslu eða iðgjaldsgreiðslutíma sem nemur allt að 9 árum eða með skemmri →biðtíma en 10 ár getum við um tiltekið skeið reiknað tryggðar greiðslur

- samkvæmt 1. mgr. töluliða 1.1 og 1.2, sem og
- ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát, beitt öðrum →reiknivöxtum sem ráðast af vaxtaaðstæðum á fjármálamörkuðum.

Hæð þessara annarra →reiknivaxta sem og tímabilið sem þeim er beitt á má finna í tryggingargögnunum undir fyrirsögninni „Hvaða reiknivextir gilda um trygginguna?“

Ef samið var um fleiri þætti, auk þáttarins Ellilífeyrir, beittum við, við útreikning á tryggðum greiðslum úr þessum þáttum, frekari →töflum sem tilgreindar eru í reglum viðkomandi þátta.

(2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar bætur hækka (til dæmis vegna viðbótargreiðslna eða með hagnaðarhlutum) reiknum við við útreikning á viðbótarbótum alltaf með reikniforsendunum (einkum → reiknivöxtum, → töflum og → kostnaði vegna þáttarins Ellilífeyrir), sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkunardeg og snerta útreikning á →bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Félags þýskra tryggingafræðinga (DAV), getum við sómu leiðis lagt þær til grundvallar við hækkun bóta. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á →bótasjóði breytast á ný, eftir hækkun bóta, getum við, við síðari hækkun bóta, beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast við beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við samningsgerð eða við síðustu hækkun bóta.

Þegar bætur hækka leggjum við við útreikning á viðbótarbótum í hæsta lagi það prósentustig →kostnaðar vegna þáttarins Ellilífeyrir til grundvallar, sem lagt var til grundvallar við samningsgerð.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar greiðslur hækka gilda þessar reglur á sama hátt þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi köflum þessara tryggingarskilmála.

2. Bætur úr hagnaðarhlutdeild

Um hlutdeild í hagnaði gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum hluta er fjallað um:

- Hverjar eru forsendur fyrir hlutdeild í hagnaðinum?**
- Hvernig veitum við tryggingaratökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum?**
- Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?**
- Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?**

2.1 Hverjar eru forsendur fyrir hlutdeild í hagnaðinum?

Sem →tryggingartaki átt þú rétt á hagnaðarhlutdeild; þá skal hafa eftirfarandi í huga:

(1) Hæð hagnaðarhlutdeildar er ekki tryggð

Við getum ekki tryggt hæð hagnaðarhlutdeildar fyrirfram. Annars vegar ræðst hæð hagnaðarhlutdeildar af mörgum atriðum sem ekki verða séð fyrir og sem við höfum einungis takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifaþátturinn er þróun fjármálamarkaðarins. En þróun þeirrar áhættu sem við tryggjum og kostnaðar skipta hér einnig máli. Hins vegar hlýst hagnaðarhlutdeildin af orsakarmiðaðri aðferð (sjá nánar um það í einstökum atriðum í töluliðum 2.3 og 2. mgr. tölul. 2.4). Hvort tveggja getur - með tilliti til samnings þíns - í

óhagstæðasta tilviki leitt til þess að hæð hagnaðarhlutdeildarinnar getur orðið núll.

Við upplýsum þig árlega um þróun hagnaðarhlutdeildarinnar.

(2) Þættir hagnaðarhlutdeildar

Hagnaðarhlutdeildin felur í sér 2 þætti:

- hlutdeild í hagnaði (sjá nánar einkum tölul. 2.3) og
- hlutdeild í →matssjóðunum (sjá nánar einkum tölul. 2.4).

Varðandi hagnaðarhlutdeild förum við að fyrirmælum laga um tryggingarsamninga (VVG), einkum 153. gr. laga um tryggingarsamninga, sem og fyrirmælum laga um eftirlit með

tryggingarsamningum (VAG) og þeim reglugerðum sem gefnar hafa verið út þar um.

(3) Ráðandi hagnaður og matssjóðir

Við veitum →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum sem við finnum árlega innan ramma ársuppgjörsins samkvæmt fyrirmælum verslunarлага (HGB) og birtum í ársskýrslunni. Við ákvörðun ársuppgjörs er, að teknu tilliti til gildandi fyrirmæla og reglna um eftirlitsnefndir, ákvarðað hver hlutur árlegs hagnaðar skal vera sem fellur →tryggingartökum í heild sinni í skaut sem hagnaðarhlutdeild.

Við finnum →matssjóðina sömuleiðis á ný árlega samkvæmt fyrirmælum verslunarréttar og birtum niðurstöðurnar í ársskýrslunni.

2.2 Hvernig veitum við tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum?

Í reglum þessum gerum við grein fyrir því hvernig við veitum →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum (svonefnd sameiginleg hlutdeild í hagnaðinum). Sameiginleg hlutdeild í hagnaðinum tekur til allra →tryggingartaka sem gert hafa við okkur samning sem gerir ráð fyrir hagnaðarhlutdeild.

Af þessum tölulíð 2.2 um sameiginlega hlutdeild í hagnaðinum leiðir ekki neinar samningsbundnar kröfur um ákveðna hæð hlutdeildar í hagnaði (sjá einnig 1. mgr. tölul. 2.1). Samningsbundna kröfu um hlutdeild í hagnaði leiðir af tölulíð 2.4.

Innan ramma sameiginlegrar hlutdeildar í hagnaði gerum við grein fyrir því

- hvaðan hagnaður er ættaður (málsg. 1) og
- hvernig við ráðstöfum áunnum hagnaði (málsg. 2).

(1) Uppruni hagnaðar

Hagnaður getur myndast á þrennan hátt:

- sem ávöxtun höfuðstóls (málsg. 1 a))
- sem ávöxtun áhættu (málsg. 1 b))
- sem önnur ávöxtun (málsg. 1 c))

Við veitum öllum tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum. Þá er farið að reglugerð um lágmarksendurgreiðslu líftryggingariðgjalda (MindZV) í þeirri útgáfu sem í gildi er hverju sinni. Í undantekningartilvikum reglugerðar má skerða þá lágmarkshlutdeild →tryggingartaka sem reglugerð þessi mælir fyrir um, að fengnu samþykki þeirra eftirlitsyfirvalda sem um mál okkar fjalla.

a) Fjármagnstekjur

Hagnaðurinn fæst aðallega með tekjum af fjárfestingum okkar.

Samkvæmt reglum reglugerðar um útreikning lágmarkshlutdeildar (MindZV) um ávöxtun höfuðstóls fá tryggingartakar → í heild sinni að minnsta kosti þann prósentuhluta sem þar er tilgreindur. Í nógildandi útgáfu reglugerðarinnar um lágmarkshlutdeild (MindZV)

er mælt fyrir um 90 prósent). Frá þeirri upphæð sem þannig fæst drögum við fyrst það sem þarf til að fjármagna tryggðar tryggingabætur. Fjármagnstekjunum sem þá eru eftir ráðstöfum við í hagnaðarhlutdeild →tryggingartaka í heild sinni.

b) Áhættuávinningur

Frekari hagnaður getur síðan myndast ef áhættan sem við tryggjum þróast á hagstæðari veg en gert var ráð fyrir í upphaflegum útreikningum (til dæmis ef fjöldi látinna breytist). Þá þurfum við að greiða færri tryggingabætur en gert var ráð fyrir og getum þá frekar veitt →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í áhættuávinningi.

Við veitum →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í áhættuávinningi samkvæmt nógildandi útgáfu reglugerðar um lágmarksúthlutun (MindZV) sem nemur að minnsta kosti 90 prósentum.

c) Aðrar tekjur

Frekari tekjur geta síðan myndast og þá einkum ef →kostnaður reynist lægri en gert er ráð fyrir í upphaflegum útreikningum (til dæmis með hagræðingu við stjórnun samninga).

Við veitum →tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í öðrum tekjum samkvæmt nógildandi útgáfu reglugerðar um lágmarksúthlutun (MindZV) sem nemur að minnsta kosti 50 prósentum.

(2) Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda

Hagnaði samkvæmt 1. mgr., sem fellur →tryggingartökum í heild sinni í skaut, úthlutum við í →varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda, svo framarlega sem hann hefur ekki þá þegar verið færður til tekna beint á samninga með ákvæði um hagnaðarhlutdeild.

→Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda er varasjóður sem gert er ráð fyrir í verslunarrétti til að standa straum af hagnaðarhlutdeild →tryggingartaka í framtíðinni. Með varasjóðnum er með tímanum hægt að jafna út sveiflur í hagnaði - sem eru einkum algengar hvað fjármagnstekjur varðar.

→Varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda má eingöngu nota til hlutdeildar →tryggingartaka í hagnaði. Við megum eingöngu víkja frá þessu í undantekningartilvikum (til dæmis til að afstýra yfirvofandi neyðarástandi) samkvæmt reglum laga um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG) og með samþykki viðkomandi eftirlitsyfirvalda. Slíkt er einungis heimilt svo framarlega sem varasjóðnum er ekki þegar ráðstafað með fyrirframákveðnum hagnaðarhlutum.

2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?

Þegar samningnum er veitt hlutdeild í hagnaði (svonefnd einstaklingsbundin hlutdeild í hagnaði) beitum við aðferð sem tekur mið af orsakarsamhengi. Hér á eftir gerum við grein fyrir þessari aðferð:

- hverja vegna við myndum hagnaðarhópa (2.3.1),

- hvernig við ákvörðum →prósentur hagnaðarhlutdeildar samningsins (2.3.2) til að finna hagnaðarhluta hans.
- hvernig samningurinn öðlast hlutdeild í hagnaði á samningstímanum (2.3.3 til 2.3.5).

2.3.1 Myndun hagnaðarhópa

Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið af mörkum við myndun hagnaðarins. Þess vegna tökum við sambærilegar tryggingar saman í svonefnda hagnaðarhópa.

Innan hagnaðarhópanna eru síðan mismunandi undirhópar þar sem horft er til frekari einkenna sem greina þá að.

Skipun í hagnaðar- og undirhóp ræðst til dæmis af

- eðli áhættunnar sem tryggð er (til dæmis andlát eða örorkuáhætta),
- því stigi sem tryggingin er á (til dæmis fyrir eða eftir upphaf lífeyristöku),
- tryggingarbyrjun eða
- eðli iðgjaldsgreiðslu.

Hagnaði sem ætlaður er →tryggingartökum í heild sinni jöfnum við á einstaka hagnaðar- og undirhópa. Þá tökum við mið af því að hve miklu leyti hópurinn tók þátt í myndun hagnaðarins.

Upplýsingar um það hvaða hagnaðar- og undirhópi tryggingin tilheyrir er að finna í tryggingagögnunum undir fyrirsögninni „Hvaða hagnaðarhópar og undirhópar liggja samningnum til grundvallar?“ Skipun í hópa ræður því hvernig hagnaðarhlutum er ráðstafað síðarmeir.

2.3.2 Prósentuhlutur hagnaðarhlutdeildar ákvarðaður

Til að finna þá hagnaðarhluta sem tryggingu þinni er úthlutað samkvæmt fastákveðinni aðferð (sjá töluliði 2.3.3 til 2.3.5) skilgreinir stjórn fyrirtækisins, að fenginni tillögu →ábyrgs tryggingafræðings fyrir upphaf hvers almanaksárs, hæð →prósentuhluta í hagnaði fyrir eitt ár í senn (svonefnd hagnaðaryfirlýsing).

Stjórnin skilgreinir →prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar einstakra hagnaðar- og undirhópa (sjá töluliði 2.3.1) sem og mismunandi tegunda hagnaðarhlutdeilda (sjá töluliði 2.3.3 til 2.3.5) sem og prósentuhluti tiltekinn →reiknistuðla. Skilgreiningin getur leitt til þess að ekki verði ráðstafað neinum hagnaðarhlut til viðkomandi samnings eða ekki öllum tegundum hagnaðarhlutdeildar sem til álita koma (sjá töluliði 2.3.3 til 2.3.5).

→Prósentuhlutir í hagnaði eru birtir árlega í viðauka við ársskýrslu okkar sem hægt er að pantta hjá okkur hvenær sem er, eða við greinum þér frá þeim með öðrum hætti.

Ef samið var um tryggingu gegn iðgjaldseingreiðslu eða iðgjaldsgreiðslutíma sem nemur allt að 9 árum eða með skemmri →biðtíma en 10 ár, gilda um

- þáttinn Ellilífeyrir,
- umsaminn þátt Höfuðstóll við andlát og

- umsaminn þátt Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku um tiltekinn tíma sérstakir →prósentuhlutir hagnaðarhlutdeildar. Þeir víkja frá þeim →prósentuhlutum hagnaðarhlutdeildar sem tilgreindir eru í viðauka ársskýrslunnar fyrir undirhóp tryggingarinnar.

Ef við beitem eigin →prósentuhlutum hagnaðarhlutdeildar má finna upplýsingar um hæð eigin prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar sem og um það tímabil sem eigin prósentuhlutum hagnaðarhlutdeildar er ráðstafað til þín í tryggingargögnunum undir fyrirsögninni „Ábendingar um eigin prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar“.

2.3.3 Samfelld hlutdeild í hagnaði fyrir upphaf lífeyristöku

Fyrir upphaf lífeyristöku veitum við þættinum Ellilífeyrir, allt efti því hvaða hagnaðar- eða undirhópi trygging þín tilheyrir, hlutdeild í hagnaði okkar í upphafi hvers tryggingarárs og í fyrsta skipti við upphaf annars tryggingarárs (árlegir hagnaðarhlutir).

Árlegur hagnaðarhlutur fyrir upphaf lífeyristöku samanstendur af hlut í vaxtahagnaði, hlut í grunnhagnaði og hlut í viðbótarhagnaði. Hæð þeirra má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá töluliði 2.3.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Hagnaðarhlutir fundnir og þeim úthlutað

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar og leggjum þá til grundvallar skilgreinda →prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá töluliði 2.3.2) og viðkomandi →reiknistuðul.

→Reiknistuðull hlutar í vaxtahagnaði og hlutar í viðbótarhagnaði er →bótarhöfuðstóll tryggingarinnar við upphaf viðkomandi tryggingarárs. →Reiknistuðull hlutar í grunnhagnaði er iðgjald í áhættusjóð.

Fjármagn til hlutdeildar í hagnaði er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá 2. málsgrein töluliðar 2.2). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er fært af tekjum rekstrarársins.

(2) Notkun hagnaðarhluta í gjaldskrárbónus

a) Notkunarvið gjaldskrárbónuss

Ef samið var um þáttinn

- Endurgreiðsla iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölu 1.2 eða
- Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku eða
- Höfuðstóll við andlát eða
- ekki var samið um bætur við andlát, en ef samið var um þáttinn Lífeyrir vegna óvinnufærni,

þá ráðstöfum við árlegum hagnaðarhlutum úr þættinum Ellilífeyrir, að frádregnum umsýslukostnaði (→kostnaður) samkvæmt töluliði 6.1., mgr. 2 a), í aukalega iðgjaldsfría greiðslu (gjaldskrárbónus).

Það sama á við um hagnaðarhluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þátta.

Sérhver gjaldskrárbónus á sína tilteknu hlutdeild í hagnaði. Árlegum hagnaðarhlutum úr gjaldskrárbónusi verður ráðstafað eins og lýst er í 1. setningu.

Árlegir hagnaðarhlutar eru bundnir til að fjármagna aukalegar iðgjaldsfríar bætur og þeim er ekki hægt að ráðstafa til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat á →framlagi í bótasjóð ef þess skyldi gerast þörf, til dæmis vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í forsendum útreikninga.

b) Bætur úr gjaldskrárbónus

Gjaldskrárbónus samanstendur af sömu þáttum og tryggingin en í honum felst þó ekki þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum. Ef þátturinn Höfuðstóll við andlát er innifalinn samsvarar höfuðstóll við andlát í iðgjaldabónusi alltaf tryggðum höfuðstól til ellilífeyris. Að öðru leyti eru bætur úr gjaldskrárbónusnum í sama hlutfalli innbyrðis og greiðslur úr tryggingu þinni með eftirfarandi undantekningum:

- Ef þátturinn Eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn hækkar eftirlífendalífeyrir úr gjaldskrárbónus í hæsta lagi um sömu upphæð og tryggður lífeyrir úr þætti þínum Ellilífeyrir.
- Ef þátturinn Lífeyrir vegna óvinnufærni og hugsanlega tryggður aukalegur þáttur Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar eru innifaldir hækkar lífeyrir vegna óvinnufærni úr gjaldskrárbónus í hæsta lagi um sömu upphæð og tryggður lífeyrir úr þætti þínum Ellilífeyrir.

Við reiknum hækkun greiðslna úr gjaldskrárbónus samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnun gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

(3) Notkun hagnaðarhluta í lífunarbónus

a) Notkunarvið lífunarbónuss.

Ef samið var um

- endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2. eða
- ekki var samið um bætur við andlát, og ef samið var um þáttinn Lífeyrir vegna óvinnufærni,

þá ráðstöfum við árlegum hagnaðarhlutum úr þættinum Ellilífeyrir, að frádregnum umsýslukostnaði (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 6.1., mgr. 2 a), í aukalega iðgjaldsfría greiðslu (lífunarbónus). Það sama á við um hagnaðarhluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þátta.

Sérhver lífunarbónus á sína tilteknu hlutdeild í hagnaði. Árlegir hagnaðarhlutir úr lífunarbónusi verða notaðir eins og lýst er í 1. setningu.

Árlegir hagnaðarhlutir eru bundnir til að fjármagna aukalegar iðgjaldsfríar greiðslur og þeim er ekki hægt að ráðstafa til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat á →framlagi í bótasjóð ef þess skyldi gerast þörf, til dæmis vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í forsendum útreikninga.

b) Bætur úr lífunarbónus

Lífunarbónus hækkar tryggðan lífeyri úr þættinum Ellilífeyrir eða greiðslu höfuðstóls samkvæmt tölulíð 9.2. Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku hækum við einnig þessar bætur við andlát ef um lífunarbónus er að ræða.

Við reiknum hækkun bóta úr lífunarbónus samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnun gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

2.3.4 Hlutdeild í lokahagnaði

Auk árlegra hagnaðarhluta getur komið til úthlutunar hlutar í lokahagnaði

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar samkvæmt tölulíð 9.2 eða fráfall fyrir upphaf lífeyristöku (samningslok) eða
- við byrjun greiðslu elli- eða eftirlífendalífeyris.

Hluturinn í lokahagnaði samanstendur af svonefndum venjulegum hlut í lokahagnaði. Til viðbótar við venjulegan hlut í lokahagnaði getur fallið til viðbótarhlutar í lokahagnaði.

Hæð venjulegs hlutar og viðbótarhlutar í lokahagnaði má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá tölulíð 2.3.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Venjulegur hlutur í lokahagnaði fundinn

Ef eðlilegur aukalegur hlutur í lokahagnaði bætist við í samningslok eða frá upphafi töku elli- eða eftirlífendalífeyris er hæð hans fundin samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar og leggjum þá til grundvallar →reikniforsendurnar og þá ákvörðuðu →prósentuhluti lokahagnaðar í hverju tilviki fyrir sig sem í gildi eru á hverjum tíma öll tryggingarárin.

→Reiknistuðull fyrir venjulegan hlut í lokahagnaði er ^bótahöfuðstóll tryggingarinnar sem um ræðir á hverju líðnu tryggingarári.

Stjórnin ákveður hæð allra prósentuhluta lokahagnaðar fyrir eitt almanaksár í senn. Ákvörðun um hæð prósentuhluta lokahagnaðar sem og frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Lokahagnaðarhlutur“.

Við greiðslur höfuðstóls fyrir upphaf lífeyristöku (til dæmis við uppsögn) getur lokahagnaðarhluturinn orðið lægri og ræðst það af stöðu vaxta á fjármagnsmarkaðinum. Frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Lokahagnaðarhlutur við uppsögn“.

(2) Aukalegur hlutur í lokahagnaði fundinn

Ef aukalegur hlutur í lokahagnaði bætist við í samningslok eða frá upphafi töku elli- eða eftirlífendalífeyris er hæð hans fundin samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar; hún samsvarar þá hæð árlegs hagnaðarhluta (1. mgr. tölulíður 2.3.3) að frádregnum stjórnunarkostnaði (→kostnaður).

(3) Notkun hlutar í lokahagnaði

Ef við greiðum elli- eða eftirlifendalífeyri ráðstöfum við aukalegum hlut í lokahagnaði frá upphafi lífeyristöku til að hækka hagnaðarlífeyri sem ekki er hægt að tryggja (sjá töluð 2.3.5).

Ef um hlut í lokahagnaði er að ræða í samningslok greiðum við hann út.

2.3.5 Hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Ef samið var við okkur um hagnaðarlífeyri í tengslum við hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku, gildir eftirfarandi:

- Við getum ekki tryggt hæð hagnaðarlífeyris.
- Hagnaðarlífeyrir frá upphafi lífeyristöku kemur til viðbótar við →tryggðan lífeyri frá upphafi lífeyristöku.
- Hagnaðarlífeyrir samanstendur af aukalegum lífeyri, sem ekki er hægt að tryggja, úr þættinum Ellilífeyrir, sem og árlegum hækkunum lífeyris, sem ekki er hægt að tryggja, en þær eru ákvarðaðar sem prósentuhlutar af þeim heildarlífeyri sem myndaðist árið á undan úr þættinum Ellilífeyrir.
- Fyrsta hækkan lífeyris á sér stað einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslu.

(1) Hagnaðarlífeyrir fundinn

Hæð hagnaðarlífeyris finnum við með því að reikna út muninn á heildarlífeyri og →tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku.

Heildarlífeyri við upphaf lífeyristöku finnum við þá við upphaf lífeyrisgreiðslu út frá fyrirbyggjandi samtölu

- →bótahöfuðstóls þáttarins Ellilífeyrir að meðtöldum gjaldskrár- eða lifunarbónus (samkvæmt 2. eða 3. mgr. töluð. 2.3.3)
- hluts í lokahagnaði (skv. töluð. 2.3.4. og
- hlutdeildar í →matssjóðunum (samkvæmt 4. mgr. töluð. 2.4).

Grundvöllur að útreikningi heildarlífeyris, sem ekki er hægt að tryggja, er sú dánartíðnitafla (→töflur) og sú ávöxtun sem skilgreindar voru fyrir hagnaðarlífeyri að teknu tilliti til stjórnunarkostnaðar (→kostnaður) samkvæmt töluð 6.1, mgr. 2 b). Þá tókum við mið af árlegum hækkunum lífeyris, en þær er ekki hægt að tryggja. Dánartíðnitöfluna (→töflur) og ávöxtunina sem ákvarðaðar voru fyrir hagnaðarlífeyri er að finna í viðauka við ársskýrslu okkar.

Ef þátturinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku er innifalinn þá er eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku einnig innifalinn í hagnaðarlífeyri. Hlutfall eftirlifendalífeyris af heildarlífeyri úr þættinum Ellilífeyrir er í samræmi við hlutfall tryggðs lífeyris við upphafi lífeyristöku hverju sinni.

Fé til að fjármagna hagnaðarlífeyri er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá töluð 2.2, málsgrein 2). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

(2) Breytingar á reikniforsendum hagnaðarlífeyris

Ef dánartíðnitafla (→töflur) eða ávöxtun, sem ákvarðaðar voru og eiga við um hagnaðarlífeyri innan ramma árlegrar hagnaðaryfirlýsingar (sjá töluð 2.3.2), breytast

- geta árlegrar lífeyrishækkunar framvegis orðið lægri eða hærri en fram að því og
- geta þegar hafnar bætur úr hagnaðarlífeyri skerast eða hækkað.

Hagnaðarlífeyrir getur - í óhagstæðasta tilviki - verið núll.

Við byrjun lífeyrisgreiðslu og við allar síðari breytingar upplýsum við þig um hæð áður nefnds aukalegs lífeyris og prósentuhluta lífeyrishækkunar.

(3) Breytingar á hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Þú getur farið fram á það skriflega (til dæmis bréf, símbref, tölvupóstur) að við ráðstöfum hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku á annan hátt en um samdist við samningsgerð, innan ramma þeirra ráðstöfunarmöguleika sem í boði eru af okkar hálfu. Þessa skriflegu yfirlýsingu þurfum við að fá í hendur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

2.4 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

Þegar fjárfestingar okkar eru metnar geta myndast →matssjóðir. Þeir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi. →Matssjóðir tryggja öryggi og gera það mögulegt að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmörkuðum.

→Matssjóðunum, sem samkvæmt eftirlitsfyrirmælum ber að taka tillit til við hlutdeild →tryggingingartaka, úthlutum við reikningslega inn á einstaka samninga samkvæmt orsakarmiðuðu aðferðinni sem lýst er í 2. mgr.

Í því skyni er hæð →matssjóðanna fundin

- á ný árlega,
- auk þess einnig á viðmiðunardögum þeim sem gefnir eru út í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Ráðandi viðmiðunardagar fyrir hlutdeild í matssjóðunum“.

Af reikningslegu ráðstöfuninni er þó ekki hægt að leiða neinar samningsbundnar kröfur til hlutdeildar í →matssjóðunum að einhverri tiltekinni hæð. Raunveruleg hlutdeild þín sem grundvallast á reikningslegri ráðstöfun byggir á málsgreinum 3 til 7.

(1) Hvenær hlutdeild stofnast

Auk hlutdeildar í hagnaði veitum við tryggingunni hlutdeild í →matssjóðunum:

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar samkvæmt töluð 9.2 eða fráfall fyrir upphaf lífeyristöku (samningslok) eða
- við upphaf ellilífeyris eða eftirlifendalífeyris sem og
- á lífeyrisgreiðslutímanum (sjá 6. mgr.).

(2) Orsakarmiðuð aðferð hlutdeildar

Hlutdeild í →matssjóðum er einnig ákveðin með orsakarmiðuðri aðferð. Samkvæmt þessari aðferð ákvörðum við þá reikningslegu úthlutun úr →matssjóðunum, er kemur í hlut hvers samnings, sem hlut allra þeirra samninga í →matssjóðum sem eiga rétt á slíkri hlutdeild. Þessi hlutur ræðst af samtölu allra →bótahöfuðstóla tryggingarinnar á liðnum tryggingarárum á viðmiðunardegi útreikninga fyrir samnings þíns, og er þessi hlutur ákveðið hlutfall samningsins þíns af samtölu →bótahöfuðstóla allra samninga á viðkomandi tryggingarárum, svo framarlega sem samningarnir eiga tilkall til slíks.

Viðmiðunardaga fyrir útreikning →matssjóða ákvörðum við fyrir eitt almanaksár í einu. Þær ákvarðanir gefum við út í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Ráðandi viðmiðunardagar fyrir hlutdeild í matssjóðunum“.

(3) Matssjóðum úthlutað

Við upphaf töku elli- eða eftirlifendalífeyris, eða við samningslok, finnum við þann hlut útreiknaðrar ráðstöfunar úr →matssjóðunum sem samningi þínum ber á þeim tímapunkti samkvæmt aðferðinni sem lýst er í 2. mgr. Samkvæmt 3. málsgrein 153. greinar laga um tryggingasamninga (VVG) úthlutum við síðan tryggingu þinni helming þeirrar upphæðar sem þannig innst. Þar með stofnast tilkall til upphæðar sem er fjármögnuð úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda. Upphæðinni er ráðstafað í samræmi við 4. málsgrein.

(4) Notkun úthlutaðra matssjóða

Ef við greiðum ellilífeyri eða eftirlifendalífeyri notum við, við upphaf lífeyristöku, hlutdeild í →matssjóðunum til að hækka tryggðan lífeyri. Við reiknum bæturnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4. Ef samningnum lýkur greiðum við hlutdeild í →matssjóðunum út.

(5) Grunnupphæð fyrir hlutdeild í matssjóðunum

Hæð →matssjóðanna, sem trygging þín fær hlutdeild í, fer eftir fjármagnsmarkaðnum og er háð sveiflum. Til að jafna út þessar sveiflur getum við, að teknu tilliti til afkomu, ákvarðað →prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar sem svonefnda grunnupphæð sem hlutdeild í matssjóðunum:

- við uppsögn og við andlát á síðasta ári →biðtíma eða á síðustu sjö árum biðtíma, ef →hinn tryggði hafði þá náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri.

- við nýtingu höfuðstólsvalréttar samkvæmt tölulíð 9.2 sem og
- við byrjun greiðslu ellilífeyris eða eftirlifendalífeyris.

a) Grunnupphæð fundin

Ef í samningslok eða við upphaf töku elli- eða eftirlifendalífeyris fellur til aukaleg grunnupphæð, þá reiknum við hæð hennar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar og leggjum þá til grundvallar →reikniforsendur og þá skilgreindu prósentuhluti hagnaðar sem ákvarðaðir voru fyrir grunnupphæðina hverju sinni öll tryggingarárin.

→Reiknistuðull grunnupphæðar er →bótahöfuðstóll tryggingarinnar sem um ræðir, á hverju viðkomandi liðnu tryggingarári.

Stjórnin ákvarðar hæð allra →prósentuhluta lokahagnaðar fyrir grunnupphæðina fyrir eitt almanaksár í senn. Ákvörðun um hæð →prósentuhluta lokahagnaðar fyrir grunnupphæðina sem og frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrslu okkar undir fyrirsögninni „Grunnupphæð fyrir hlutdeild í matssjóðum“.

b) Úthlutun og notkun grunnupphæðar

Ef við úthlutum samningnum hlutdeild í →matssjóðunum og ef einhver fastákvörðuð grunnupphæð samkvæmt 3. mgr. er á þeim tímapunkti hærrí en verðmæti hlutdeildarinnar, þá úthlutum við samningnum grunnupphæðina. Hún er notuð eins og lýst er í 4. mgr. Ef grunnupphæðin er lægri eða ef engin grunnupphæð er ákvörðuð verður úthlutað þeirri upphæð sem mælt er fyrir um samkvæmt lögum (sjá 3. mgr.).

(6) Hlutdeild reglubundins lífeyris

Reglubundinn lífeyrir öðlast, samkvæmt 1. og 2. mgr. 153. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG), hlutdeild í →matssjóðunum, með sanngjarnri hækkun hlutdeildar í hagnaði. Þegar tekin er ákvörðun um þessa ^prósentuhluti í hagnaði innan ramma útreiknings á hagnaðarhlutum er sérstaklega horft til stöðu matssjóðanna hverju sinni.

(7) Eftirlitsákvæði hafa forgang

Þegar veitt er hlutdeild í →matssjóðunum verðum við að fara að þeim eftirlitsákvæðum sem gilda fyrir okkur til að tryggja að ávallt sé hægt að standa við skuldbindingar trygginganna. Slíkt getur leitt til þess að hlutdeild í →matssjóðunum falli niður að hluta til eða í heild.

3. Bótaþegi og millifærsla bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 3.1 Hver fær bæturnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?
3.2 Hvað gildir um millifærslu bóta?

3.1 Hver fær bæturnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?

(1) Bótaþegi og afturkallanlegur viðtökuréttur

Bætur samkvæmt samningnum innum við af hendi til þín sem →tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreitt neinn annan sem á að eignast kröfur samkvæmt samningnum á gjalddaga (bótaþegi). Viðtökurétti bótaþega má breyta eða afturkalla hann hvenær sem er fyrir hvern gjalddaga (afturkallanlegur viðtökuréttur). Eftir andlát →hins tryggða er ekki lengur hægt að breyta viðtökurétti eða afturkalla hann.

(2) Óafturkallanlegur viðtökuréttur

Þú getur kveðið skýrt á um að bótaþegi eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum, strax og órifanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína í hendur er aðeins hægt að nema þennan rétt bótaþega úr gildi ef bótaþegi samþykkir.

(3) Afsal og veðsetning kröfuréttinda

Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum ef slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt.

(4) Skriflegar staðfestingar

Veiting og afturköllun viðtökuréttar (1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (3. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur, þegar sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega (til dæmis bréf, símbréf, tölvupóstur). Réttthafi hingaðtil er yfirleitt þú. En það geta líka verið aðrir ef þú hefur þegar gert viðeigandi bindandi ráðstafanir.

3.2 Hvað gildir um millifærslu bóta?

Við millifærum bæturnar til þess sem veita má þeim viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber sá sem veita má bótunum viðtöku áhættuna sem því tengist.

4. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 4.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?
4.2 Hvað gildir um sjálfsvíg hins tryggða?

4.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?

(1) Grundvallarregla

Meginreglan er að við greiðum bætur óháð því hvað veldur tryggingartilvikinu. Við greiðum bætur alveg sérstaklega ef →hinn tryggði lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Takmörkuð bótaskylda

Bótageiðsla okkar við andlát →hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku er takmörkunum háð í eftirtöldum tilvikum:

a) Andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök.

Við greiðum þó óskertar bætur ef →hinn tryggði andast meðan á dvöl hans utan Þýskalands stendur í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann tók ekki virkan þátt í.

b) Andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við

- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (kjarna-, sýkla- eða efnavopna, (ABC-vopna) eða
- vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna, ef beiting eða losun miðaði að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirsjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum, eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón af. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri greiðsluskyldu. Kröfur um óskertar tryggingarbætur gjaldfalla ekki fyrr en í fyrsta lagi að þeim fresti liðnum.

(3) Áhrif skertrar bótaskyldu

Skert bótaskylda hefur eftirfarandi áhrif:

a) Ef ekki var samið um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við þá upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.2 eða 8.3. Frádráttur samkvæmt 2. mgr. tölul. 8.2 fer í hvorugu tilvikinu fram. Við bætist endurkaupvirði úr hugsanlega umsömdum þætti Höfuðstóll við andlát.

Við greiðum þó samtals í hæsta lagi þær bætur sem um var samið vegna andláts. Forsenda þess er að við myndum þá inna af hendi bætur við uppsögn.

Upphæðin sem er fundin á þennan hátt reiknast út miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir andlátsdag.

b) Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, þá lækkar bótagreiðslan úr honum niður í lífeyrinn sem við getum greitt miðað við upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.4 þennan ofangreinda viðmiðunardag. Frádráttur samkvæmt 2. mgr. tölul. 8.2 fer ekki fram. Við reiknum þennan lífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.4. Samtals greiðum við þó í hæsta lagi umsamdar bætur.

4.2 Hvað gildir um sjálfsvíg hins tryggða?

(1) Grundvallarregla

Við sjálfsvíg af ásettu ráði greiðum við óskertar bætur ef þrjú ár eru liðin frá gerð samningsins.

Við sjálfsvíg af ásettu ráði áður en þriggja ára ára fresturinn er liðinn greiðum við því aðeins óskertar bætur að sannað verði fyrir okkur að vígið

- hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða
- undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga.

(2) Skert bótaskylda og afleiðingar

Ef forsendur 1. mgr. eru ekki fyrir hendi greiðum við skertar bætur samkvæmt 3. mgr. tölul. 4.1.

(3) Breyting eða endurheimt tryggingarinnar

Málgreinar 1. og 2. gilda einnig við breytingu á tryggingunni sem vikkar bótaskyldu okkar eða við endurheimt tryggingarinnar.

Ef tryggingunni er breytt eða hún endurheimt hefst þriggja ára fresturinn að nýju hvað varðar breytta eða endurheimta hluta hennar.

5. Samstarfsskyldur þínar

Í þessum hluta er fjallað um:

- 5.1 Hvaða gagna getum við krafist?
- 5.2 Hvenær getum við farið fram á sönnur þess að hinn tryggði sé enn á lífi?
- 5.3 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?
- 5.4 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

5.1 Hvaða gagna getum við krafist?

Þegar farið er fram á greiðslur samkvæmt samningnum getum við farið fram á það að eftirtalin gögn verði lögð fram:

- tryggingarskírteini;
- opinber staðfesting á fæðingardeggi →hins tryggða (fæðingavottorð) og
- Gögn með þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í B-hluta, tölulíð 3.

5.2 Hvenær getum við farið fram á sönnur þess að hinn tryggði sé enn á lífi?

Fyrir hverja útborgun lífeyris eða höfuðstóls getum við, á okkar kostnað, krafist opinbers vottorðs um að →hinn tryggði sé enn á lífi.

5.3 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?

Það ber að tilkynna okkur tafarlaust um andlát →hins tryggða.

Eftirfarandi gögn skal ávallt færa okkur:

- opinbera staðfestingu á fæðingardeggi →hins tryggða (fæðingavottorð) og
- opinbera staðfestingu á andláti →hins tryggða þar sem fram komi aldur og fæðingarstaður (dánarvottorð).

Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2 eða ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir, þá skal auk þess færa okkur eftirfarandi gögn:

- ef tryggingin er án áhættumats: staðfestingu á dánarorsök,
- ef tryggingin er með áhættumati: ítarlegt vottorð læknis eða embættis um dánarorsök sem og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró →hinn tryggða til dauða.

5.4 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

Við getum krafist frekari sannana og gert ítarlegri rannsóknir ef slíkt reynist nauðsynlegt til að sannreyna bótaskyldu okkar. Kostnaðinn sem af þessu hlýst ber sá sem krefst tryggingagreiðslunnar.

6. Kostnaður vegna samningsins

Um kostnað samningsins gilda eftirfarandi reglur.

Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum hluta er fjallað um:

6.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

6.2 Hvaða kostnað getum við innheimt hjá þér sérstaklega?

6.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

(1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Samningnum fylgir samningsgerðar- og sölukostnaður (→kostnaður) Þér ber að greiða hann. Við höfum reiknað samningsgerðar- og sölukostnaðinn (→kostnaður) inn í iðgjaldið, hann þarf því ekki að greiða sérstaklega. Við notum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) til dæmis til að greiða þóknun tryggingarmiðlara, kostnað við mat á umsókninni og við gerð samningsgagna.

a) Kostnaður og umsamin iðgjöld við samningsgerð

Við reiknum samningsgerðar- og sölukostnað samningsins (→kostnaður) sem prósentuhlut iðgjaldaupphæðarinnar sem samið var um við samningsgerð.

Samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) dreifum við

- með jöfnum iðgjöldum árlega,
- í að minnsta kosti fimm ár,
- en þó ekki lengur en til loka umsamins iðgjaldatíma.

Til umsaminna iðgjalda við samningsgerð telst einnig viðbótargreiðsla við samningsgerð. Frá þeirri viðbótargreiðslu drögum við samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) öðru vísi en segir í 2. setningu einu sinni þegar greitt er og nemur hún einu prósentustigi.

Ef greitt er einstakt iðgjald drögum við af því innifalinn samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) þegar í stað.

b) Kostnaður þegar upphæð umsaminna iðgjalda hækkar

Þegar upphæð umsaminna iðgjalda hækkar reiknum við mismuninn á gömlu og nýju iðgjaldsupphæðinni sem hér segir af samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður):

- Við viðbótargreiðslur (sjá tölulið 9.7 og tölulið 9.4, málsgrein 1 b)) drögum við frá samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) einu sinni hvorn um sig þegar greitt er og nemur hann einum prósentuhlut.
- Ef hækkunin gerist smám saman og þegar iðgjaldatíminn er framlengdur (sjá tölulið 9.9 málsgrein 2) dreifum við samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) sem prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju iðgjaldssamtölunni, frá því er hækkunin varð eða frá því er framlengingin tók gildi eins og lýst er í setningu 2, málsgrein a).

- Þegar bótum er frestað (sjá tölulið 9.1, málsgrein 2) drögum við frá samningsgerðar- og sölukostnað (→Kostan) sem nemur jöfnum prósentuhlut beint af hverju greiddu iðgjaldi á viðbótartíma frestaðrar bótargreiðslu.

(2) Annar kostnaður

Samningnum fylgir annar kostnaður (→kostnaður). Þér ber einnig að greiða þann kostnað. Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Umsýslukostnaður (→kostnaður) er kostnaðurinn vegna stöðugrar umsýslu sem tengist samningnum. Allur annar kostnaður (→kostnaður) er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

a) Annar kostnaður fyrir upphaf lífeyristöku

Við leggjum annan kostnað á samninginn fyrir upphaf lífeyristöku (→kostnaður) svona:

- sem árlegan prósentuhlut →bótahöfuðstólsins og
- sem prósentuhluta greiddra iðgjalda. Til innborgaðra iðgjalda teljast einnig viðbótargreiðslur (sjá tölulið 9.7) og hækkað iðgjald vegna umsamins vaxtar smám saman.

Ef greitt er eitt einstakt iðgjald drögum við strax af því innifalinn annan kostnað (→kostnaður) sem prósentuhluta innborgaða iðgjaldsins.

b) Stjórnunarkostnaður frá upphafi lífeyristöku

Frá upphafi lífeyristöku leggjum við á samninginn stjórnunarkostnað (→kostnaður) sem prósentuhlut greiddra bóta.

(3) Hæð kostnaðar

Upplýsingar um hæð samningsgerðar- og sölukostnaðar og annars kostnaðar (→kostnaður) má lesa í vöruupplýsingablaðinu.

6.2 Hvaða kostnað getum við innheimt hjá þér sérstaklega?

(1) Kostnaður af sérstöku tilefni

Af eftirfarandi tilefni skal innheimta hjá þér frekari →kostnað, svonefndan kostnað af sérstöku tilefni:

- við skiptingu samningsins innan ramma jöfnunar lífeyrisréttinda (→skiptikostnaður).

(2) Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu

(1) Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu í sérstökum, lögboðnum tilvikum

Ef eitthvað sérstakt af þínum völdum orsakar aukalega umsýslu getum við í eftirtöldum tilvikum innheimt hjá þér sérstaklega meðaltalskostnað sem fast gjald.

- Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrita af tryggingarskírteininu
- Veiting gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd
- Úrvinnsla greiðslna í vanskilum
- Úrvinnsla endursendra skuldfærslubeiðna
- Frágangur breytinga á samningi
- Vinna við afsöl og veðsetningar
- Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu
- Millifærsla iðgjalds frá þér frá stað utan SEPA-greiðsluvæðis eða millifærsla greiðslu frá okkur til staðar utan SEPA-greiðsluvæðis.

b) Framsetning kostnaðar í kostnaðaryfirliti

Um hæð →kostnaðar sem við getum innheimt hjá þér samkvæmt 1. mgr. má lesa í hjálögðu kostnaðaryfirliti okkar vegna aukalegrar umsýslu.

Sanngjarna aðlögun þessara kostnaðarliða (→kostnaður) (315. gr. Borgaralegrar lögbókar - BGB) er okkur heimilt að gera í framtíðinni.

Kostnaðaryfirlit sem í gildi er hverju sinni má fá hjá okkur hvenær sem um það er beðið. Ef kostnaðaryfirlitið tilgreinir engan →kostnað fyrir einhvern þeirra liða sem nefndir eru í 1. mgr. er ekki reiknaður kostnaður fyrir þann lið um þessar mundir.

c) Sýna má fram á lægri kostnað

Við teljum →kostnaðinn vegna aukinnar umsýslu sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfalli eigi →kostnaðurinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur kostnaðurinn niður eða við lækkuð hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

7. Undanþága frá greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

- 7.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?
- 7.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?
- 7.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

7.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?

(1) Forsendur

Hægt er að fara skriflega (til dæmis bréf, símbref, tölvupóstur) fram á að tryggingin haldi áfram án þess að greidd verði iðgjöld (undanþága frá greiðslu iðgjalds). Hægt er að koma á undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lok hvers tryggingartímabils (sjá B hluta, tölul. 2.1).

(2) Lágmarks tryggingabætur

Við höldum tryggingunni áfram með tryggðum iðgjaldsfríum lífeyri sem reiknast samkvæmt 4. mgr. ef lífeyririnn nemur að minnsta kosti 200 evrum þegar undanþágu frá greiðslu iðgjalds er komið á. Nái hann ekki þessari upphæð fellur tryggingin niður og við greiðum út upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.2 til 8.5 ef um slíkt er að ræða.

(3) Frestun

Hægt er að fara fram á ótímabundna undanþágu frá greiðslu iðgjalds eða tímabundna undanþágu frá greiðslu iðgjalds í allt að 3 ár. Þegar um tímamörk er að ræða upplýsum við þig tímanlega fyrir lok tímabilsins sem þú óskar eftir, um endurupptöku greiðslu iðgjalda og gjaldfallinna iðgjalda.

(4) Áhrif

Ef farið er fram á undanþágu frá greiðslu iðgjalds þá reiknum við iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól þáttarins Eillífeyrir samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar, út frá reikniforsendum fyrir útreikning iðgjalda.

Þar leggjum við endurkaupvirði samkvæmt 1. mgr. tölul. 8.2 til grundvallar.

Upphæðin úr tryggingu þinni sem er til ráðstöfunar til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól er þá skert um frádrátt sem nemur 50 evrum vegna aukins umsýslukostnaðar.

Frádrátturinn fellur niður

- á síðasta ári →biðtímans eða
- á síðustu 7 árum biðtímans ef →hinn tryggði hafði náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri þegar undanþága frá greiðslu iðgjalds komst á.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkuð hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

Tölulíður 6 gildir áfram eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds, en ekki verður reiknaður →kostnaður sem prósentu af iðgjaldi.

Útreikningur iðgjaldsfrírrar greiðslu fer fram við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

7.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?

Það getur haft ókosti í för með sér að gera trygginguna iðgjaldsfría. Í upphafi tryggingarinnar er aðeins lögboðna lágmarksendurkaupvirðið fyrir hendi til að mynda iðgjaldsfría greiðslu vegna þess að iðgjöldunum er ráðstafað til að greiða samningsgerðar- og sölukostnað og annan kostnað (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 6.1 og eins til að fjármagna umsamda áhættuvernd. Og eins árin þar á eftir er ekki endilega víst að iðgjöld sem greidd hafa verið fram að því dugi til þess að mynda iðgjaldsfríar greiðslur. Nánar má lesa um hæð iðgjaldsfríra greiðslna á samningstímanum í tryggingagögnunum.

7.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

(1) Sex mánaða frestur til að koma tryggingavernd á að nýju án áhættumats

Innan sex mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí má fara fram á að tryggðar bætur verði hækkaðar upp í þá tryggingavernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí, án áhættumats. Forsenda þess er að greiðsla iðgjalds hefjist að nýju samkvæmt 3. mgr.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingarverndar er útilokuð ef samið var um fleiri þætti og →hinn tryggði er, þegar iðgjaldsgreiðsla skal hefjast á ný,

- ef samið var um þáttinn Óvinnufærni og hugsanlega tryggðan aukalegan þátt Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar og →hinn tryggði er óvinnufær;
- ef samið var um þáttinn Umönnun barna: Barnalífeyrir með undanþágu frá greiðslu iðgjalds við umönnun barns sem er umönnunarþurfi, eða ef forsjáradili andast eða verður óvinnufær og →hinn tryggði er umönnunarþurfi eða hinn tryggði forsjáradili er óvinnufær eða er látinn;
- ef samið var um þáttinn Umönnun barna: undanþága frá greiðslu iðgjalds við andlát forsjáradila eða ef forsjáradili er óvinnufær, hinn

tryggði forsjáradili er látinn eða er óvinnufær;

- ef samið var um þáttinn Lífeyrir vegna umönnunar: bætur vegna umönnunar barns; →hinn tryggði er umönnunarþurfi.

(2) Almennur frestur til að koma tryggingavernd á að nýju með áhættumati

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3 ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslu samkvæmt 3. mgr. verði tryggðar greiðslur hækkaðir upp í þá tryggingavernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna foreldraorlofs getur fresturinn, milli þess sem tryggingin var gerð iðgjaldsfrí og fram að endurheimt fyrri tryggingarverndar, einnig verið lengri en 3 ár. Í þessu tilviki verður endurheimt tryggingarverndar þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan 3ja mánaða frá lokum foreldraorlofs. Ef foreldraorlofi er skipt niður í marga áfanga þarf að koma tryggingaverndinni á að nýju í hvert sinn, innan þriggja mánaða frá lokum hvers áfanga.

Við getum komið fyrri tryggingavernd á að nýju ef →hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, þegar tryggingarverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

(3) Möguleikar á endurheimt tryggingarverndar

Til þess að koma á að nýju þeirri tryggingavernd sem gildi áður en undanþága frá greiðslu iðgjalds gekk í gildi má

- greiða iðgjöldin fyrir tímabilið sem var iðgjaldsfrítt, eða
- greiða hærra reglubundin iðgjöld.

Þess í stað má einnig koma tryggingarverndinni á að nýju án þess að koma allri tryggingarverndinni á að nýju eins og hún var fyrir undanþágu frá greiðslu iðgjalds ef aðeins iðgjaldsgreiðslan hefst á ný. Tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Í stað þess er einnig hægt að lækka tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu bæturnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.4. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

8. Uppsögn

Í þessum hluta er fjallað um:

- 8.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?
- 8.2 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús eða ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát?
- 8.3 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds?
- 8.4 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um þáttinn Eftirlifendallífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku?
- 8.5 Hvað gildir ef enginn kostanna sem tilgreindir eru í tölu. 8.2 til 8.4 á við?
- 8.6 Hverjir geta ókostir uppsagnar verið?

8.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?

Þú getur sagt tryggingunni upp skriflega (til dæmis bréf, símbréf, tölvupóstur) fyrir upphaf lífeyristöku á eftirfarandi tímum:

- tryggingum þar sem iðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti undir lok tryggingartímabils;
- iðgjaldsfrium tryggingum undir lok yfirstandandi mánaðar.

Undanskildar eru iðgjaldsfriar tryggingar samkvæmt tölu. 8.5.

Ef tryggingunni er sagt upp fer fram greiðsla sem er mynduð úr greiðslu úr þættinum Ellilífeyrir og hugsanlega greiðslum úr frekari þáttum sem um samdist.

Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum er ítarlegri reglur um uppsögn að finna í reglum þessara þátta.

8.2 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús eða ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát?

(1) Endurkaupvirði

Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölu. 1.2 eða um þáttinn Höfuðstóll við andlát, greiðum við út endurkaupvirði - ef um slíkt er að ræða - við uppsögn. Það er →bótahöfuðstóll þáttarins Ellilífeyrir, reiknaður út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar á þeim reikniforsendum sem gilda um iðgjaldaútreikning á uppsagnardegi.

Í tryggingum þar sem iðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti nemur verðgildi →bótahöfuðstólsins að minnsta kosti því verðgildi sem næst við það að dreifa samningsgerðar- og sölukostnaði, - sem ákveðinn er að teknu tilliti til hæstu Zillmer-reiknireglna sem eftirlitsréttur heimilar (→Kostnaður) á fyrstu fimm tryggingarárin, í mesta lagi þó á iðgjaldatímam.

(2) Frádráttur

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 1. mgr. reiknum við frádrátt. Í tryggingargögnunum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar.

Frádrátturinn fellur niður við uppsögn

- á síðasta ári →biðtímans eða
- á síðustu 7 árum biðtímans ef →hinn tryggði hefur þá náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkuðum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi. Ógreidd iðgjöld drögum við frá endurkaupvirðinu.

(3) Lækkun í undantekningartilvikum

Við höfum rétt til þess að lækka hæfilega upphæðina sem reiknuð er út samkvæmt 1. mgr. ef það er nauðsynlegt til að útiloka að hagsmunum tryggingartaka sé stofnað í hættu. Einkum ef hætta er á að ekki sé til frambúðar hægt að uppfylla skyldur samkvæmt samningunum. Lækkunin tekur til eins árs í senn (6. mgr. 169. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG).

(4) Hækkun útborgaðrar upphæðar um sem nemur einum hlut í lokahagnaði

Til viðbótar við upphæð sem reiknast samkvæmt 1. til 3. mgr. getur komið endurkaupvirði úr hlut í lokahagnaði (sjá tölu. 2.3).

(5) Hækkun útborgaðrar upphæðar um sem nemur matssjóðum

Upphæðin sem reiknast samkvæmt 1. til 4. mgr. getur hugsanlega hækkað um sem nemur þeim →matssjóðum sem tryggingu þinni er úthlutað (sjá tölu. 2.4).

(6) Áhrif

Með útborgun upphæðarinnar sem fæst samkvæmt 1. til 5 mgr. fellur tryggingin niður.

8.3 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds?

Ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölu. 1.2 greiðum við, ef til uppsagnar kemur, að fullu upphæð sem reiknast samkvæmt 1. til 4. mgr. tölu. 8.2, ef hún er ekki hærri en endurgreiðsla iðgjalds við andlát. Ef upphæðin er hærri en endurgreiðsla iðgjalds við andlát, skerðum við það sem umfram er um frekari frádrátt:

Frá þeim hluta upphæðarinnar sem er umfram endurgreiðslu iðgjalds við andlát

- drögum við 6 prósent;
- drögum við aukalega, fyrir hvert ár sem eftir er fram að umsömdu upphafi lífeyristöku þegar til uppsagnar kom, 1,5 prósent.

En frekari frádráttur nemur í hæsta lagi samtals 30 prósentum.

Með þessum frádrætti jöfnum við almennt út hugsanlega breytta áhættu þeirra tryggingartaka sem eftir eru (áhættujöfnun). Í tryggingargögnunum er tilgreint hvers vegna við framkvæmum þennan frádrátt.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

Útreiknuð upphæð getur hugsanlega hækkað um sem nemur þeim →matssjóðum sem tryggingu þinni er úthlutað (sjá tölul. 2.4).

Með útborgun upphæðarinnar sem er reiknuð þannig út fellur tryggingin niður.

8.4 Hvaða bætur greiðum við ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku?

Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við að fullu, ef til uppsagnar kemur, upphæð sem reiknast samkvæmt 1. til 4. mgr. tölul. 8.2, ef hún er ekki hærrí en 20-föld ársupphæð Eftirlifendalífeyris. Ef upphæðin er hærrí en 20-föld ársupphæð Eftirlifendalífeyris drögum við aukalegan frádrátt frá því sem umfram er.

Af því sem er umfram 20-falda ársupphæð Eftirlifendalífeyris

- drögum við 6 prósent;
- drögum við aukalega, fyrir hvert ár sem eftir er fram að umsömdu upphafi lífeyristöku þegar til uppsagnar kom, 1,5 prósent.

En frekari frádráttur nemur í hæsta lagi samtals 30 prósentum.

Með þessum frádrætti jöfnum við almennt út hugsanlega breytta áhættu þeirra tryggingartaka sem eftir eru (áhættujöfnun). Í tryggingargögnunum er tilgreint hvers vegna við framkvæmum þennan frádrátt.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

treiknuð upphæð getur hugsanlega hækkað um sem nemur þeim →matssjóðum sem tryggingu þinni er úthlutað (sjá tölul. 2.4).

Með útborgun upphæðarinnar sem er reiknuð þannig út fellur tryggingin niður.

8.5 Hvað gildir ef enginn kostanna sem tilgreindir eru í tölul. 8.2 til 8.4 á við?

Ef hvorki var samið um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2, né um endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2, né um þáttinn Höfuðstól við andlát og ekki heldur um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, þá ræðst það af því hvort iðgjöld hafi verið greidd með reglubundnum hætti fram að uppsögn hvort tryggingin sé uppsegjanleg. Í þeim efnum gildir:

- Ef iðgjöld voru greidd með reglubundnum hætti fram að uppsögn gerum við trygginguna iðgjaldafrí samkvæmt 4. mgr. tölul. 7.1; en ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir er lægri en 200 evrur á ári, þá greiðum við þess í stað út þá upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.2 og tryggingin fellur niður.
- Ef tryggingin er iðgjaldsfrí er ekki hægt að segja henni upp.

8.6 Hverjir geta ókostir uppsagnar verið?

Uppsögn tryggingarinnar getur haft ókosti í för með sér. Í upphafi tryggingarinnar er aðeins lögboðna lágmarksendurkaupvirðið fyrir hendi vegna þess að iðgjöldunum er ráðstafað til að greiða samningsgerðar- og sölukostnað og annan kostnað (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 6.1 og eins til að fjármagna umsamda áhættuvernd. Þess vegna er ekki endilega víst að árin þar á eftir nái endurkaupvirðið samtölu greiddra iðgjalda. Nánar má lesa um hæð endurkaupvirðis á samningstímanum í tryggingagögnunum.

9. Möguleikar við samningsgerð

Hér er að finna fjölmarga samningsmöguleika tryggingarinnar. Þeir eru bundnir vissum skilyrðum. Ef tiltekinn samningsmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á hæð tryggingarbótanna.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 9.1 Hvaða möguleikar eru í boði til að gera upphaf lífeyristöku sveigjanlegt?
- 9.2 Hvenær má velja höfuðstól í stað lífeyris?
- 9.3 Hvenær má velja tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?
- 9.4 Hvenær má breyta bótagreiðslum við andlát eftir upphaf lífeyristöku?
- 9.5 Hvenær á biðtímanum má bæta við eftirlifendalífeyri án áhættumats?
- 9.6 Hvenær má bæta við tryggingarvernd í umönnunartilfalli?
- 9.7 Hvenær má greiða viðbótargreiðslur?
- 9.8 Hvenær má taka höfuðstól úr tryggingunni?
- 9.9 Hvenær má breyta iðgjaldatímanum?

- 9.10 Hvenær má lækka eða fresta iðgjaldsgreiðslum í atvinnuleysi eða í skertu starfi, í foreldraorlofi eða meðan á faglegri starfsendumenntun stendur?
- 9.11. Hvenær má lækka iðgjaldagreiðslu?

9.1 Hvaða möguleikar eru í boði til að gera upphaf lífeyristöku sveigjanlegt?

(1) Greiðslu bóta flýtt

Þú getur farið fram á að við flýtum umsöndu upphafi lífeyristöku um allt að 7 ár.

Ef samningurinn heimilar að upphafi lífeyristöku sé flýtt munum við upplýsa þig um það.

a) Forsendur

- →Hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri þegar nýja upphaf lífeyristöku hefst.
- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir nýja upphaf lífeyristöku.
- Endurreiknaður heildarlífeyrir, að hagnaðarhlutdeild meðtalinni, verður að nema að minnsta kosti 200 evrum á ári við nýja upphaf lífeyristöku.
- Ef samið var um þáttinn Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku verður greiðslan úr þeim þætti einnig endurreiknuð og verður að nema að minnsta kosti 200 evrum á ári.
- Tíminn frá byrjun tryggingar fram að umbeðnu upphafi lífeyristöku skal vera að minnsta kosti eitt ár.

b) Áhrif

Við það að upphafi lífeyristöku er flýtt skerðist tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

c) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn

- Eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku og
 - Höfuðstóll við andlát
 - Höfuðstóll við andlát af slysförum eða
 - Lífeyrir vegna óvinnufærni og ef við á tryggðan aukalegan þátt Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar
- fellur sá þáttur niður þegar nýja upphafi lífeyristöku er náð.

Ef við greiðum lífeyri vegna óvinnufærni þegar nýja upphafi lífeyristöku er náð og ef við á viðbótarlífeyri vegna umönnunar, þá greiðum við þær bætur óbreyttar áfram.

Ef samið var um þáttinn Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku lækka þær bætur samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Hlutfall annars vegar eftirlífendalífeyris frá upphafi lífeyristöku og greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku, og hins vega tryggðs ellilífeyris úr þættinum Ellilífeyrir, breytist ekki þótt greiðslum sé flýtt.

d) Möguleikar við samningsgerð

Um upphaf lífeyristöku sem er flýtt gilda sömu möguleikar til breytinga og giltu um upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku, einkum tölul. 9.2 og 9.3.

(2) Frestun bóta

Við umsamið upphaf lífeyristöku má fara fram á að upphafi lífeyristöku verði frestað.

a) Forsendur

- →Hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri þegar upphaflega umsamin lífeyristaka hefst.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, er ekki kominn yfir 85 ára →reiknaðan aldur við nýja, frestaða upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif

- Við frestun á upphafi lífeyristöku hækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur hún breyst.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

c) Áhrif á aðra þætti

Við það að fresta upphafi lífeyristöku þáttarins Ellilífeyrir falla eftirfarandi umsöndu þættir niður við fyrra umsamda upphaf lífeyristöku:

- Höfuðstóll við andlát,
- Lífeyrir vegna óvinnufærni, og ef við á tryggður aukalegur þáttur Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar
- Eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku og
- Höfuðstóll við andlát af slysförum.

Greiðslur annarra umsaminna þátta hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir. Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

d) Möguleikar við samningsgerð

- Í iðgjaldsskyldum tryggingum má greiða iðgjöldin áfram á →viðbótarbiðtímanum.
- Um nýja upphaf lífeyristöku sem var frestað og um viðbótarbiðtímann gilda sömu möguleikar til breytinga og giltu um upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku og upphaflega umsamin →viðbótarbiðtíma, einkum tölul. 9.2, 9.3 og 9.8.

- Eftir að upphafi lífeyristöku var frestað má flýta því á ný. Efnislega er 1. mgr. í gildi.

e) Andlát hins tryggða á viðbótartíma

Ef →hinn tryggði andast á →viðbótartímanum gildir:

- Ef ekki var samið um þáttinn Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku greiðum við fjárhæð sem nemur þeirri upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 8.2, reiknað undir lok viðkomandi tryggingartímabils og sem er afvöxtuð miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir andlátsdag.
- Ef samið var um þáttinn Eftirlífendalífeyri frá upphafi lífeyristöku greiðum við eftirlífendalífeyri ef og svo lengi sem →hinn samtryggði er á lífi við andlát →hins tryggða. Hæð eftirlífendalífeyris reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar út frá þeirri upphæð sem fæst samkvæmt tölul. 8.2, reiknað undir lok viðkomandi tryggingartímabils og hún afvöxtuð miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir andlátsdag. Hæð eftirlífendalífeyris er auk þess háð aldri →hins samtryggða á þeim tíma. Við reiknum bæturnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

f) Uppsögn tryggingarinnar á viðbótartímanum

Ef þú segir tryggingunni upp á →viðbótartímanum greiðum við upphæð sem reiknuð er samkvæmt tölul. 8.2.

g) Hlutdeild í hagnaði

Á →viðbótartímanum öðlastu líka hlutdeild í hagnaði í skilningi tölul. 2. →Prósentuhlutar hagnaðarhlutdeildar tryggingarinnar geta verið frábrugðnir þeim prósentuhlutum hagnaðarhlutdeildar sem tilgreindir eru í viðauka við ársskýrslu okkar fyrir undirflokk tryggingarinnar. Ef sérstakir →prósentuhlutar hagnaðarhlutdeildar gilda um tryggingu þína greinum við þér frá því fyrir byrjun →viðbótartímtans.

9.2 Hvenær má velja höfuðstól í stað lífeyris?

(1) Höfuðstólsgreiðsla við umsamið upphaf lífeyristöku

Í stað tryggðs lífeyris, sem við greiðum við lífun, má fara fram á útborgun tryggðs höfuðstóls að fullu eða að hluta við umsamið upphaf lífeyristöku.

a) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Ef greitt er út að hluta verður tryggður lífeyrir úr þeim hluta tryggðs höfuðstóls sem eftir er að nema að minnsta kosti 200 evrum á ári.
- Varðandi greiðslu höfuðstóls verður →hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, að vera á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif af útborgun tryggðs höfuðstóls að fullu

Með útborgun að fullu falla þættirnir Ellilífeyrir og umsaminn þáttur Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku niður.

c) Áhrif af útborgun tryggðs höfuðstóls að hluta

- Við greiðum frá umsömdu upphafi lífeyristöku tryggðan lífeyri sem skerðist um það prósentuhlutfall sem samsvarar útborguðum hluta tryggða höfuðstólsins.
- Greiðsla úr umsömdum þætti Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku skerðist einnig á sama hátt.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Höfuðstólsgreiðsla eftir upphaf lífeyrisgreiðslu

Ef við greiðum nú þegar lífeyri og ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku má á hvaða útborgunardegi sem er fá greiddan höfuðstól. Fyrir það tókum við vinnslugjald sem nemur 50 evrum.

a) Forsendur

- Upphæð til útborgunar má, að teknu tilliti til 50 evra vinnslugjalds,
- hvorki vera hærrí en gjaldfallinn höfuðstóll við andlát miðað við útborgunarstund
 - né hærrí en reiknaður →bótahöfuðstóll tryggingarinnar miðað við útborgunarstund.

b) Áhrif

- Við skerðum tryggðan lífeyri úr þættinum Ellilífeyrir samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.
- Eftir greiðslu höfuðstóls heldur tryggingin áfram ef tryggður ellilífeyrir nemur að minnsta kosti 200 evrum á ári.
- Tryggingin fellur niður ef tryggður lífeyri sem eftir er nemur lægri upphæð en 200 evrum á ári. →Bótahöfuðstól sem eftir er greiðum við út, ef um slíkt er að ræða. Þá kemur til aukalegur frádráttur.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku skerðist hún um sem nemur upphæð útborgaðs höfuðstóls.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

c) Áhrif á aðra þætti

Umsaminn tryggður eftirlífendalífeyrir og barnaumönnunarlífeyrir skerðast samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

d) Sérákvæði við tímabundinn lífeyri

Ef þú valdir tímabundinn lífeyri samkvæmt tölul. 9.3 reiknum við þann höfuðstól sem greiða skal meðal annars út frá því hvernig fjármálamarkaðurinn hefur þróast frá upphafi lífeyristöku, en ekki lengra en 10 ár aftur í tímann. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(3) Höfuðstólsgreiðsla þegar upphafi lífeyristöku er flýtt

Ef þú kaust að flýta umsömdu upphafi lífeyristöku (1. mgr. tölul. 9.1) geturðu í stað tryggðs lífeyris farið fram á greiðslu höfuðstóls sem nemur upphæð sem reiknuð er samkvæmt tölul. 8.2 til 8.4.

a) Forsendur

- Samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát eða
- ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku eða
- Endurgreiðsla iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða
- endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2.
- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir nýja upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif

Með útborgun höfuðstóls við upphaf lífeyristöku sem var flýtt falla allir þættir niður.

9.3 Hvenær má velja tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?

(1) Tímabundinn lífeyrir við umsamið upphaf lífeyristöku

Áður en til umsamins upphafs lífeyristöku kemur er hægt að fara fram á að við greiðum, í stað ævilangs tryggðs lífeyris samkvæmt tölul. 1.1, lífeyri í tiltekinn tíma (tímabundinn lífeyrir). Þú getur valið hversu lengi lífeyrir skuli greiddur.

Frá upphafi lífeyristöku greiðum við tryggðan tímabundinn lífeyri á meðan →hinn tryggði er á lífi, í hæsta lagi út umsamin lífeyrisgreiðslutíma.

(2) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Bæði val tímabundins lífeyris sem og lengd lífeyrisgreiðslutímans eru háð takmörkunum sem ráðast meðal annars af aldri →hins tryggða við upphaf lífeyristöku. Við upplýsum þig um skilyrðin ef óskað er.
- Hafi verið samið um →félagatryggingu verður að tilgreina hver →hinna tryggðu á í hlut varðandi tímabundinn lífeyri.

(3) Áhrif

- Upphæð tímabundins lífeyris reiknum við út miðað við →bótahöfuðstól tryggingarinnar að viðbætti hlutdeild í →matssjóðunum undir lok →biðtímans.
- Tímabundinn lífeyri reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar og miðum þá við þær reglur og reikniforsendur sem gert er ráð fyrir við nýja samninga um tímabundinn lífeyri við upphaf lífeyristöku.
- Upphæð samtryggðrar greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur tekið breytingum.
- Greiðslur við andlát eftir upphaf lífeyristöku geta breyst samkvæmt tölul. 9.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(4) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku fellur hann niður við upphaf lífeyrisgreiðslna úr þættinum Ellilífeyrir.

(5) Hlutdeild í hagnaði

Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hlutdeild í hagnaði í skilningi tölul. 2. Í stað reglna í tölul. 2.3.5 um hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyrisgreiðslu gildir eftirfarandi:

- Við getum ekki tryggt hæð samanlagðs hagnaðarlífeyris.
- Samanlagður hagnaðarlífeyrir frá upphafi lífeyristöku kemur til viðbótar við →tryggðan tímabundinn lífeyri frá upphafi lífeyristöku.
- Samanlagður hagnaðarlífeyrir samanstendur af aukalegum, iðgjaldsfríum, tímabundnum lífeyri sem ekki er hægt að tryggja.

Ávöxtun samanlagðs hagnaðarlífeyris getur verið frábrugðin þeirri ávöxtun undirhóps tryggingarinnar sem tilgreindir eru í viðauka við ársskýrslu okkar. Ef sérstök ávöxtun gildir um tryggingu þína greinum við þér frá því fyrir upphaf tímabundins lífeyris.

Fé til að fjármagna samanlagðan hagnaðarlífeyri er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá málsgr. 2 tölul. 2.2). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

Ef dánartíðnitafla (→töflur) eða ávöxtun, sem ákvarðaðar voru innan ramma árlegrar hagnaðaryfirlýsingar fyrir samanlagðan hagnaðarlífeyri, breytast getur áunnin greiðsla úr samanlögðum hagnaðarlífeyri lækkað eða hækkað.

Samanlagður hagnaðarlífeyrir getur - í óhagstæðasta tilviki - verið núll.

Við tilkynnum þér um hæð ofangreinds aukalegs lífeyris, bæði við upphaf töku tímabundna lífeyrisins og í hvert sinn sem breytingar verða.

Við notum úthlutaðan hlut í lokahagnaði frá upphafi töku tímabundins lífeyris til að hækka samanlagðan hagnaðarlífeyri sem ekki er hægt að tryggja.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.4 Hvenær má breyta bótagreiðslum við andlát eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Breyting á höfuðstólsgreiðslu við andlát

Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku er við upphaf lífeyristöku hægt að fara fram á að greiðslan verði hækkuð eða lækkuð, án nýs áhættumats.

a) Mörk

Um mögulegar breytingar gilda takmörk sem ráðast m.a. af umsömdum aldri við upphaf lífeyristöku og af meðallífslíkum og ef um tímabundinn lífeyri samkvæmt tölul. 9.3 er að ræða auk þess af umsömdum lífeyrisgreiðslutíma.

Við veitum upplýsingar um hvaða kostir gilda um tryggingu þína ef óskað er.

b) Áhrif

- Ef greiðsla höfuðstóls við andlát er hækkuð kann að verða nauðsynlegt að greiða einstaka viðbótargreiðslu.
- Ef greiðsla höfuðstóls við andlát er lækkuð eða ef þú vilt ekki greiða nauðsynlega einstaka greiðslu breytast tryggður lífeyrir og umsaminn eftirlífendalífeyrir.
- Við reiknum greiðslurnar og viðbótarupphæðina samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Eftirlífendalífeyri frá upphafi lífeyristöku bætt við

Ef ekki var samið um þáttinn Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku má fara fram á að honum verði bætt við í lok →biðtímans. Áhættumat fer ekki fram.

a) Forsendur

- Nýi eftirlífendalífeyririnn er ekki hærri en tryggður lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir við upphaf lífeyristöku.
- Ekki var valinn tímabundin lífeyrir samkvæmt tölul. 9.3.

b) Áhrif

- Um nýja innifalda þáttinn gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Viðbótin getur valdið því að tryggður lífeyrir frá upphafi lífeyristöku lækki.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku breytist hann.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(3) Höfuðstóll við andlát eða þátturinn Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku útilokaður

Ef samið var um höfuðstól við andlát eftir upphaf lífeyristöku eða um þáttinn Eftirlífendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku má útiloka þá við upphaf lífeyristöku.

Í stað þess má fara fram á að greiddur verði sá tryggði höfuðstóll sem áunnist hefur við upphaf lífeyristöku, að frádregnum þeim heildarellilífeyri sem þegar hefur verið greiddur (að meðtöldum greiðslum úr hlutdeild í hagnaði).

(4) Frestir

Tilkynning þín varðandi breytingu samkvæmt 1. til 3. mgr. þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

9.5 Hvenær á biðtímanum má bæta við eftirlífendalífeyri án áhættumats?

(1) Eftirlífendalífeyri fyrir upphaf lífeyristöku bætt við

Ef hvorki var samið um þáttinn Höfuðstóll við andlát né þáttinn Eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku er á →biðtímanum hægt að bæta öðrum þessara þátta - í →félagatryggingum reyndar aðeins þættinum Höfuðstóll við andlát - við þau tilvik sem tilgreind eru undir a), án áhættumats.

a) Hvenær viðbætur geta farið fram

- Fæðing barns →hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling,
- →Hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, ef það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði,
- →Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífínu eða
- →Hinn tryggði tekur lán til að fjármagna fasteign að andvirði að minnsta kosti 100.000 evrum.

b) Forsendur

- →Viðbótarbiðtími tryggingarinnar er ekki hafinn.
- Innan sex mánaða frá einhverjum ofangreindum atburði þarf að fara fram á að aukalegum þætti verði bætt við og færa okkur sönnur á þann atburð.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, er ekki kominn yfir 40 ára →reiknaðan aldur.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, er ekki óvinnufær.
- Við höfum til þessa samþykkt allar umsóknir um líftryggingu →hins tryggða eða, í →félagatryggingum, →sérhvers hinna tryggðu, með venjulegum skilmálum.

c) Mörk

Ef þátturinn Höfuðstóll við andlát á að bætast við,

- verður höfuðstóll við andlát að nema að minnsta kosti 100 prósentum af tryggðum höfuðstól til ellilífeyris,
- má höfuðstóll við andlát nema að hámarki 50.000 evrum.

Ef þátturinn Höfuðstóll við andlát á að bætast við,

- verður eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku að nema að minnsta kosti 20 prósentum af tryggðum höfuðstól til ellilífeyris,
- má þessi eftirlífendalífeyrir nema í hæsta lagi 60 prósentum af tryggðum höfuðstól til ellilífeyris,
- má tryggður lífeyrir til framfærslu eftirlífenda nema 6.000 evrum á ári að hámarki.

d) Áhrif

- Um nýja innifalda þáttinn gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Við þessar viðbætur fellur umsamin lögjaldsendurgreiðsla-Plús niður samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða endurgreiðsla iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2.

- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Eftirlifendalífeyri frá upphafi lífeyristöku bætt við

Ásamt þættinum Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku samkvæmt 1. mgr. má bæta við þættinum Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku. Þessum þætti er einnig hægt að bæta við eftirá, hafi áður verið samið um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku.

a) Forsendur

- Nýi eftirlifendalífeyririnn frá upphafi lífeyristöku, sem semja skal um, er hvorki hærri en eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku né tryggður lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir.
- Ekki var valinn tímabundin lífeyrir samkvæmt tölul. 9.3.

b) Áhrif

- Um nýja innifalda þáttinn gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.6 Hvenær má bæta við tryggingarvernd í umönnunartilfelli?

Þú getur farið fram á að við upphaf lífeyristöku verði tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli bætt við trygginguna.

Við framkvæmum ekki áhættumat.

(1) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Ekki var valinn tímabundin lífeyrir samkvæmt tölul. 9.3.
- Auk þess eru í gildi frekari skilyrði sem við upplýsum þig fúslega um ef óskað er.

(2) Áhrif

- Hér ráða tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem gert var ráð fyrir við samningsgerð.
- Tryggðar greiðslur geta breyst.
- Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.7 Hvenær má greiða viðbótargreiðslur?

(1) Viðbótargreiðslur fyrir upphaf lífeyristöku

Hægt er að inna af hendi viðbótargreiðslur hvenær sem er fyrir upphaf lífeyristöku. Við framkvæmum ekki áhættumat.

a) Forsendur

- Hver einstök viðbótargreiðsla skal nema að minnsta kosti 1.000 evrum.
- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári má í hæsta lagi nema 20.000 evrum.
- →Viðbótartíðni tryggingarinnar er ekki hafinn.

b) Frekari forsendur

Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát gildir auk þess:

- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári má ekki vera hærri en heildarupphæð umsaminna iðgjalda á einu tryggingarári.
- Höfuðstóll við andlát úr öllum líftryggingarsamningum sama →tryggða einstaklings hjá Allianz Lebensversicherungs-AG, að viðbætti viðbótargreiðslu, má ekki vera hærri en 250.000 evrur. Við þessi mörk verður bæði tekið tillit til alls höfuðstóls við andlát sem greiddur verður út í einu lagi sem og til alls höfuðstóls við andlát sem myndar grundvöll lífeyris úr höfuðstól við andlát.

c) Áhrif

- Við viðbótargreiðslu hækka lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir.
- Ef samið var um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 hækka greidd iðgjöld fyrir þáttinn Ellilífeyrir, sem við höfum til hlíðsjónar við útreikning bóta við andlát, um viðbótargreiðsluna.
- Ef samið var um endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2 hækka hún um viðbótargreiðsluna.

d) Áhrif á aðra þætti

- Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát hækka höfuðstóll hans við andlát um sömu upphæð og tryggður höfuðstóll við lifun.
- Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku hækka þessi eftirlifendalífeyrir í sama hlutfalli og lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir, en þó í mesta lagi um 3 prósent á ári af samtölu viðbótargreiðslna hvers tryggingarárs.
- Ef samið var um þáttinn Eftirlifendalífeyrir frá upphafi lífeyristöku hækka þessi lífeyrir í sama hlutfalli og lífeyrir úr þættinum Ellilífeyrir.
- Ef samið var um enn frekari þætti hækka greiðslur úr þeim ekki við viðbótargreiðslu.
- Hið breytta hlutfall bóta úr umsómdum þáttum gagnvart ellilífeyri vegna viðbótargreiðslna ræður mestu um bætur úr gjaldskrárbónusnum (2. mgr. b) í tölul. 3).

(2) Reiknigrundvöllur fyrir hækkun greiðslna

Viðbótargreiðslu er ráðstafað sem einstöku iðgjaldi til hækkunar á bótagreiðslum. Hækkun bóta reiknast samkvæmt samningsgildum sem náðst hafa á hækkunardegi, einkum samkvæmt

- →reiknuðum aldri →hins tryggða eða, →í félagatryggingum, allra hinna tryggðu,
- biðtímanum sem eftir er,
- iðgjaldsálagi sem hugsanlega var samið um.

Við reiknum greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Samningsgerðar- og sölukostnað, sem og umsýslukostnað í prósentum iðgjalds (→kostnaður), fjármögnum við tafarlaust með viðbótargreiðslunni samkvæmt tölulíð 6.1.

(3) Dagsetning hækkunar

Hækkunardagur allra greiðslna er fyrsti dagur mánaðarinnar þegar okkur berst viðbótargreiðslan eða fyrsti dagur næsta mánaðar ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát. eða þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku eða

9.8 Hvenær má taka höfuðstól úr tryggingunni?

Þú getur tekið höfuðstól úr tryggingunni á →biðtímanum. Fyrir það tókum við vinnslugjald sem nemur 15 evrum.

(1) Forsendur

- Ekkert tryggingarskírteinislán má vera fyrir hendi.
- Taka verður út að minnsta kosti 1.000 evrur.
- Sú upphæð tryggingarinnar sem eftir stendur og reiknuð er samkvæmt tölul. 8.2 til 8.5 verður að nema að minnsta kosti 1.000 evrum eftir úttekt og að teknu tilliti til vinnslugjalds.
- Það þarf að hafa verið samið um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 eða iðgjaldsendurgreiðslu samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2 eða þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku eða þáttinn Höfuðstóll við andlát.

(2) Áhrif

- Greiðslutímabil og hæð þeirra iðgjalda sem greiða ber breytast ekki við úttekt.
- Tryggðar greiðslur skerðast samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.
- Ef ekki var samið um þáttinn Höfuðstóll við andlát og ef ekki var samið um Endurgreiðslu iðgjalds-Plús samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.2 en þó samið um þáttinn Eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku eða endurgreiðslu iðgjalds samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2, fer fram frekari frádráttur.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.9 Hvenær má breyta iðgjaldatímanum?

(1) Stytting iðgjaldatímans

Ef iðgjöld af tryggingunni eru greidd með reglubundnum hætti má fara fram á að iðgjaldatími verði styttr um heil ár.

a) Forsendur

Ekki var samið um þáttinn Höfuðstóll við andlát með greiðslu sem er lægri en tryggður höfuðstóll til ellilífeyris.

b) Áhrif

- Ef tryggður lífeyrir eða tryggður höfuðstóll eiga að haldast óbreyttir þarf að greiða hærri reglubundin iðgjöld.
- Ef reglubundið iðgjald á að haldast óbreytt, lækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll.
- Ef bæði reglubundið iðgjald og tryggður lífeyrir eða tryggður höfuðstóll eiga að haldast óbreytt, má ná því fram með viðbótargreiðslu.
- Nýja iðgjaldið, nýi tryggði lífeyrinn, nýi tryggði höfuðstóllinn og viðbótargreiðslan eru reiknuð út samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

c) Áhrif á aðra þætti

Ef reglubundið iðgjald á að haldast óbreytt, skerðast greiðslur annarra umsaminna þátta í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

(2) Lenging iðgjaldatímans

Ef iðgjaldatími tryggingarinnar er styttri en →biðtíminn og þú greiðir reglubundin iðgjöld, má fara fram á það einu sinni að iðgjaldatími verði lengdur um allt að 5 ár.

Framlengingin gerist í beinu framhaldi af því að upphaflegum iðgjaldatíma lýkur, en fer þó ekki fram yfir umsamin lok ^biðtíma.

a) Forsendur

- Þegar framlenging tekur gildi þyrfti →hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, að geta samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, má ekki hafa náð 50 ára →reiknuðum aldri við upphaflega umsamin lok iðgjaldatíma.

b) Áhrif

- Við lenginguna hækka tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll við lífun frá upphaflegum lokum iðgjaldatíma.
 - Aðrar umsamin greiðslur hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.
 - Nýi tryggði lífeyririnn, nýi tryggði höfuðstóllinn og greiðslur úr öðrum þáttum eru reiknuð út samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.
- Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9.10 Hvenær má lækka eða fresta iðgjaldsgreiðslum í atvinnuleysi eða í skertu starfi í foreldraorlof eða meðan á faglegri starfsendumenntun stendur?

(1) Atvinnuleysi eða hlutastarf

a) Greiðslu iðgjalds frestað

Hafi samningurinn þegar verið til í 3 ár má fara fram á frestun greiðslu iðgjalda ef þú verður atvinnulaus eða ert í hlutastarfi. Við frestum greiðslu iðgjalda vaxtalaust á meðan þú ert atvinnulaus eða í hlutastarfi, en þó í mesta lagi samfellt í 2 ár. Meðan á gjaldfrestinum stendur helst tryggingarverndin að fullu.

Ef þú ert oft atvinnulaus eða í hlutastarfi má fresta greiðslu iðgjalda á ný í hvert sinn. Greiðslu iðgjalda frestum við í hæsta lagi í 36 mánuði á öllum samningstímanum vegna atvinnuleysis eða hlutastarfs.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

Ef farið er fram á frestun á greiðslu iðgjalda vegna atvinnuleysis eða hlutastarfs þarf að sanna það fyrir okkur með vottorði frá viðkomandi vinnumálastofu.

Það þarf að tilkynna okkur tafarlaust þegar atvinnuleysi lýkur eða þegar hlutastarfi lýkur.

c) Frestuð iðgjöld greidd

Þegar gjaldfrestinum lýkur skal greiða í einu lagi þau iðgjöld sem frestað var.

d) Iðgjald greitt að hluta

Ef greidd hafa verið iðgjöld vegna samningsins í að minnsta kosti eitt ár og þú verður atvinnulaus eða ert í hlutastarfi má lækka iðgjöldin tímabundið, að hámarki í þrjú ár (iðgjald greitt að hluta).

Hlutagreiðslu iðgjalds vegna atvinnuleysis eða hlutastarfs er í mesta lagi hægt að nýta tvisvar á öllum samningstímanum.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

(2) Foreldraorlof

a) Greiðslu iðgjalds frestað

Hafi samningurinn þegar verið til í 3 ár má fara fram á frestun greiðslu iðgjalda ef þú ert í foreldraorlofi. Við frestum greiðslu iðgjalda vaxtalaust á meðan þú ert í foreldraorlofi, en þó í mesta lagi samfellt í 2 ár. Meðan á gjaldfrestinum stendur helst tryggingarverndin að fullu.

Ef þú ert oft í foreldraorlofi má fresta greiðslu iðgjalda á ný í hvert sinn. Greiðslu iðgjalda frestum við í hæsta lagi í 36 mánuði á öllum samningstímanum vegna foreldraorlofs.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

b) Frestuð iðgjöld greidd

Þegar gjaldfrestinum lýkur skal greiða í einu lagi þau iðgjöld sem frestað var.

c) Iðgjald greitt að hluta

Ef greidd hafa verið iðgjöld vegna samningsins í að minnsta kosti 1 ár og þú ert í foreldraorlofi má lækka iðgjöldin tímabundið, að hámarki í 3 ár (iðgjald greitt að hluta).

Hlutagreiðslu iðgjalds vegna foreldraorlofs er í mesta lagi hægt að nýta tvisvar á öllum samningstímanum.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

(3) Starfsendurmenntun

Ef greidd hafa verið iðgjöld vegna samningsins í að minnsta kosti 1 ár og þú ferð í starfstengt framhaldsnám (hefur til dæmis mastersnám) má lækka iðgjöldin meðan á framhaldsnámi stendur, að hámarki í 3 ár (iðgjald greitt að hluta).

Hlutagreiðslu iðgjalds vegna starfsendurmenntunar er aðeins hægt að nýta einu sinni á öllum samningstímanum.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

9.11. Hvenær má lækka iðgjaldagreiðslu?

(1) Forsendur

Hægt er að fara fram á það skriflega (til dæmis bréf, símbréf, tölvupóstur) að tryggingin haldi áfram með lægri iðgjöldum (iðgjaldslækkun). Hægt er að koma á iðgjaldslækkun í lok hvers tryggingartímabils (sjá B hluta, tölul. 2.1). Við upplýsum þig um frekari skilyrði ef óskað er.

(2) Frestun

Hægt er að fara fram á ótímabundna iðgjaldslækkun eða tímabundna lækku iðgjalds í allt að 3 ár. Þegar um tímamörk er að ræða upplýsum við þig tímanlega fyrir lok tímabilsins sem þú óskar eftir, um endurupptöku greiðslu fulls iðgjalds.

(3) Áhrif

- Við lækkum trygðan lífeyri.
- Við lækkum trygðan höfuðstól

Nýja tryggða lífeyrinn og nýja tryggða höfuðstólinn reiknum við samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar með reikniforsendum iðgjaldaútreiknings. Við það myndast enginn frádráttur. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(4) Áhrif á aðra þætti

Með iðgjaldslækkuninni lækka tryggðar bætur frekari umsaminnna þátta. Við útskýrum fyrir þér forsendur og áhrif ef óskað er.

(5) Ókostir iðgjaldslækkunar

Það getur haft ókosti í för með sér að lækka iðgjöld tryggingarinnar. Í upphafi tryggingarinnar er aðeins iögboðna lágmarksupphæðin fyrir hendi til að greiða bætur eftir lækkun iðgjalda vegna þess að iðgjöldum er ráðstafað til að greiða samningsgerðar- og sölukostnað og annan kostnað (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 6.1 og eins til að fjármagna umsamda áhættuvernd. Og eins árin þar á eftir er ekki endilega víst að iðgjöld sem greidd hafa verið fram að því dugi til að greiða bætur eftir lækkun iðgjalda.

(6) Möguleikar við hækkun iðgjalda á ný eftir iðgjaldalækkun

Innan sex mánaða frá lækkun iðgjalda má fara fram á að tryggðar bætur verði hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem gilti fyrir

iðgjaldalækkun, án áhættumats. Forsenda þess er að greiðsla iðgjalds hækki á ný. 1. mgr. tölul. 7.3. gildir þá eftir því sem við á.

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3 ára frá iðgjaldalækkun, fara fram á að með hækkun iðgjaldagreiðslu á ný verði tryggðar greiðslur hækkaðir upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en iðgjöldin voru lækkuð. Við getum komið fyrri tryggingarvernd á að nýju ef →hinn tryggði, þegar tryggingarverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

Til þess að koma á að nýju þeirri tryggingarvernd sem gildi áður en iðgjöld lækkuðu gekk í gildi má

- greiða upp mismun lækkuðu iðgjaldanna og upphaflegu umsömdu iðgjaldanna sem myndaðist á líftíma lækkuðu iðgjaldanna

- greiða hærri reglubundin iðgjöld.

Þess í stað má einnig koma tryggingarvernd á að nýju án þess að koma allri tryggingarverndinni á að nýju eins og hún var fyrir lækkun iðgjalda, með því að hækka aðeins iðgjöldin. Tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.4. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

Þátturinn Eftirlífendalífeyrir - Höfuðstóll við andlát E627

Hér er að finna reglur þáttarins Höfuðstóll við andlát. Hér er einnig að finna ítarlegri reglur um hlutdeild í hagnaði og reglur um tengsl einstakra þátta innbyrðis. Reglur um Grunnþáttinn sem og reglur B og C hluta tryggingarskilmálanna gilda einnig um þáttinn Höfuðstóll við andlát ef annað er ekki tekið fram hér á eftir.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

1.1 Hvaða bætur greiðum við?

1.2 Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn Höfuðstóll við andlát?

1.1 Hvaða bætur greiðum við?

Ef hinn tryggði andast á tryggingartíma þáttarins Höfuðstóll við andlát, þá greiðum við Tryggðan höfuðstól eins og um var samið í því tilviki.

Ef samið var um félagatryggingu gildir:

Við greiðum umsaminn tryggðan höfuðstól við andlát þess hinna tryggðu sem fyrstur fellur frá.

Ef fleiri en einn hinna tryggðu falla frá samtímis greiðum við tryggðan höfuðstól aðeins einu sinni.

1.2 Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn Höfuðstóll við andlát?

(1) Reikniforsendur við gerð samnings um þáttinn Höfuðstóll við andlát

Við gerð samningsins um þáttinn Höfuðstóll við andlát notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum greiðslum:

- dánartíðnitöflu fyrirtækisins "AZ 2012 T U",
- reiknivextina 0,9 prósent og
- kostnað vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát (sjá nánar í tölulíð 3).

Ef samið var um grunnþáttinn Ellilífeyrir gegn iðgjaldseingreiðslu eða iðgjaldsgreiðslutíma sem nemur allt að 9 árum eða með

skemmri biðtíma en 10 ár getum við um tiltekið skeið reiknað tryggðar bætur samkvæmt tölulíð 1.1 með öðrum reiknivöxtum sem ráðast af vaxtaaðstæðum á fjármálamarkaðnum.

Hæð þessara annarra reiknivaxta sem og tímabilið sem þeim er beitt á má finna í tryggingargögnunum undir fyrirsögninni „Hvaða reiknivextir gilda um trygginguna?“.

(2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar bætur hækka (til dæmis með hagnaðarhlutum reiknum við við útreikning á viðbótarbótum alltaf með reikniforsendunum (einkum reiknivöxtum, töflum og kostnað vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát) sem lagðar voru til grundvallar við gerð samningsins um þáttinn Höfuðstóll við andlát.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkuardeggi og snerta útreikning á bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV), getum við sömu leiðis lagt þær til grundvallar við hækkun bótagreiðslna. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á bótasjóði breytast á ný, eftir hækkun bóta, getum við við síðari hækkun bóta beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast við beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við gerð samningsins um þáttinn Höfuðstóll við andlát eða við síðustu hækkun greiðslna.

Þegar bætur hækka leggjum við við útreikning á viðbótarbótum í hæsta lagi það prósentustig kostnaðar vegna þáttarins Höfuðstóll

við andlát af slysförum til grundvallar, sem lagt var til grundvallar við samningsgerð.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar greiðslur hækka gilda þessar reglur á sama hátt þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi köflum þessara tryggingarskilmála.

2. Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild

Í þessum hluta er fjallað um:

2.1 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins Höfuðstóll við andlát?

2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins Höfuðstóll við andlát?

2.1 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins Höfuðstóll við andlát?

(1) Stöðug hlutdeild í hagnaði

Þátturinn Höfuðstóll við andlát öðlast hlutdeild í þeim hagnaði sem náðist, og í fyrsta skipti í upphafi 2. tryggingarárs, allt eftir því í hvaða hóp áunnins hagnaðar tryggingunni var skipað, (árlegir hagnaðarhlutir).

a) Árlegir hagnaðarhlutir reiknaðir út

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar og leggjum þá til grundvallar skilgreinda prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma og viðkomandi reiknistuðul.

Reiknistuðlar ráðast fyrst og fremst af

- aldri →hins tryggða eða, í →félagatryggingum, af aldri allra hinna tryggðu,

- umsömdum tryggingar- og biðtíma og
- hæð umsamins tryggðs höfuðstóls við andlát.

Þeir eru fundnir samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

b) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta

Við ráðstöfum árlegum hagnaðarhlutum þessa þáttar eins og reglur um Grunnþáttinn gera ráð fyrir í kaflanum „Greiðslur úr hagnaðarhlutdeild“, undirkaflanum „Hvernig er hagnaðarhlutum tryggingarinnar ráðstafað?“

(2) Hlutdeild í lokahagnaði

Auk árlegra hagnaðarhluta getur verið bætt við hlut í lokahagnaði við lok þáttarins Höfuðstóll við andlát. Hluturinn í lokahagnaði samanstendur af svonefndum venjulegum hlut í lokahagnaði. Til viðbótar við venjulegan hlut í lokahagnaði getur fallið til viðbótarhlutur í lokahagnaði. Hæð venjulegs hlutar og viðbótarhlutar í lokahagnaði má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni og getur hún einnig verið núll.

a) Hlutur í lokahagnaði fundin

Hlutur í venjulegum og aukalegum lokahagnaði er fundinn eins og segir í reglum Grunnþáttarins í liðnum „Bætur úr hagnaðarhlutdeild“, undirkaflanum „Hvernig er hagnaðarhlutum tryggingarinnar ráðstafað?“

b) Ráðstöfun hlutar í lokahagnaði

Ef hlutur í lokahagnaði bætist við hækkar hann hlutinn í lokahagnaði grunnþáttarins.

2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins Höfuðstóll við andlát?

Matssjóðunum er deilt á samningana samkvæmt aðferð sem tekur mið af orsakarsamhengi. Þættinum Höfuðstóll við andlát falla engir eða aðeins smávægilegir matssjóðir í skaut.

Iðgjaldahlutir þáttarins Höfuðstóll við andlát eru reiknaðir þannig að þeirra er þörf til að standa undir áhættu og kostnaði. Þar af leiðandi eru engar eða aðeins óverulegar fjárhæðir fyrir hendi til fjárfestinga sem nýta mætti til að byggja upp matssjóði.

3. Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins

Hvaða ítarlegri reglur gilda um kostnað vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát?

(1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Þættinum Höfuðstóll við andlát fylgir einnig samningsgerðar- og sölukostnaður (sjá nánar í reglum grunnþáttarins í liðnum „Kostnaður vegna samningsins“, undirkaflanum „Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?“, málsgrein „Samningsgerðar- og sölukostnaður“).

Ef bætur hækka á samningstímanum vegna iðgjaldsgreiðslna, t.d. ef tryggður höfuðstóll við andlát hækkar (sjá tölulið 5.1) fellur einnig til samningsgerðar- og sölukostnaður á hækkaða samtölu umsaminna iðgjalda.

(2) Annar kostnaður

Þættinum Höfuðstóll við andlát fylgir frekari, svonefndur annar kostnaður. Þér ber einnig að greiða þann kostnað.

Til annars kostnaðar þáttarins Höfuðstóll við andlát telst einkum umsýslukostnaður. Umsýslukostnaður vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát er kostnaðurinn vegna stöðugrar umsýslu þáttarins Höfuðstóll við andlát. Allur annar kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Á meðan iðgjöld eru greidd leggjum við á þáttinn Höfuðstóll

við andlát sem prósentuhlut umsaminna iðgjalda vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát. Þennan annan kostnað drögum við af iðgjöldunum samkvæmt þeim greiðsluhætti sem þú valdir.

Þetta gildir á sama hátt ef bætur hækka á samningstímanum vegna iðgjaldagreiðslna, t.d. ef t.d. ef tryggður höfuðstóll við andlát hækkar (sjá tölulið 5.1).

4. Tengsl þáttarins Höfuðstóll við andlát við Grunnþáttinn

Í þessum hluta er fjallað um:

- 4.1 Í hvaða tilvikum fellur þátturinn Höfuðstóll við andlát niður þegar Grunnþættinum lýkur?
- 4.2 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn Höfuðstóll við andlát?
- 4.3 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar á þáttinn Höfuðstóll við andlát?

4.1 Í hvaða tilvikum fellur þátturinn Höfuðstóll við andlát niður þegar Grunnþættinum lýkur?

Þátturinn höfuðstóll við andlát myndar eina heild ásamt Grunnþættinum; ekki er hægt að halda honum áfram án

Grunnþáttarins. Þátturinn Höfuðstóll við andlát fellur þar af leiðandi niður í síðasta lagi þegar Grunnþættinum lýkur eða í síðasta lagi við töku lífeyris úr Grunnþættinum.

4.2 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn Höfuðstóll við andlát?

Ef tryggingin er gerð iðgjaldsfrí lækkum við bæturnar samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar með reikniforsendum iðgjaldauttreiknings í lok tryggingartímabilsins. Þar leggjum við endurkaupvirði samkvæmt 1. mgr. tölul. 4.3 til grundvallar.

Iðgjaldsfrí tryggti höfuðstóllinn úr þættinum Höfuðstóll við andlát er, frá þeirri stundu þegar þátturinn er gerður iðgjaldsfrí, jafn hár iðgjaldsfría tryggða höfuðstól Grunnþáttarins.

4.3 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar á þáttinn Höfuðstóll við andlát?

(1) Endurkaupvirði tryggingarinnar

Ef þú segir tryggingu upp, þá greiðum við endurkaupvirði tryggingarinnar – sé það fyrir hendi. Það er sett saman úr endurkaupvirði Grunnþáttarins og endurkaupvirði annarra

umsaminna þátta. Ef endurkaupvirði þáttarins Höfuðstóll við andlát er neikvætt verður það gert upp á móti endurkaupvirði Grunnþáttarins.

Endurkaupvirði þáttarins Höfuðstóll við andlát er bótahöfuðstóll þáttarins (169. gr. laga um tryggingasamninga (VVG)) eins og hann reiknast samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar þar sem lagðar eru til grundvallar iðgjaldareikniforsendur á uppsagnardegi.

(2) Frádráttur

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 1. mgr. reiknum við frádrátt vegna grunnþáttarins og vegna frekari umsaminna þátta. Í tryggingargögnunum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann - í síðara tilvikinu - að sama skapi.

(3) Hækkun útborgaðrar upphæðar um sem nemur einum hlut í lokahagnaði

Til viðbótar við upphæð sem reiknast samkvæmt 1. og 3. mgr. getur komið endurkaupvirði úr hlut í lokahagnaði (sjá 2. mgr. tölul. 2.1)

5. Möguleikar við samningsgerð

Hér er að finna fjölmarga samningsmöguleika tryggingarinnar. Þeir eru bundnir vissum skilyrðum. Ef tiltekinn samningsmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á hæð tryggingarbótanna.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 5.1 Hvenær má hækka tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats?
- 5.2 Hvernig má lækka tryggðan höfuðstól við andlát?
- 5.3 Hvernig má útiloka þáttinn Höfuðstóll við andlát?

5.1 Hvenær má hækka tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats?

Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát við samningsgerð má hækka umsaminna tryggðan höfuðstóll við andlát án nýs áhættumats við þau tilefni sem um getur í 1. mgr.

(1) Tilefni hækkunar

- Fæðing barns hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling;
- Hinn tryggði hefur sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem sjálfstæði atvinnureksturinn krefst aðildar að fagfélagi eða ráði;
- Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar þátttöku í atvinnulífínu;
- Hinn tryggði tekur lán til að fjármagna fasteign að upphæð að minnsta kosti 100.000 EUR;
- Hjónaband eða stofnað er til skráðrar sambúðar hins tryggða;
- hinn tryggði verður fullveðja.
- Þegar heil ár eru liðin frá upphafi tryggingarinnar, í fyrsta lagi 5 árum eftir samningsgerð eða síðustu hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát.

(2) Forsendur

- Innan 6 mánaða frá einhverju ofangreindu tilefni þarf að fara fram á hækkunina og færa okkur sönnur á það tilefni. Ef um er að ræða tilefnið sem tilgreint er í 1. mgr. g) þarf samt að biðja um hækkunina að minnsta kosti sex mánuðum fyrir tilefnið.
- Hinn tryggði eða, í félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, er ekki kominn yfir 53 ára reiknaðan aldur.
- Hinn tryggði eða, í félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, er ekki óvinnufær.
- Ef um er að ræða tilefni sem tilgreind eru í 1. mgr. a) til d) má hækkaði tryggði höfuðstóll við andlát ekki vera hærri en tvöfaldur tryggði höfuðstóll til ellilífeyris úr Grunnþættinum. Ef til vill þarf um leið að hækka tryggðan höfuðstól til ellilífeyris það mikið að þetta skilyrði sé uppfyllt.
- Ef um er að ræða tilefni sem tilgreind eru í 1. mgr. e) til g) þarf tryggður höfuðstóll til ellilífeyris úr Grunnþættinum um leið að hækka að minnsta kosti í sama hlutfalli og tryggður höfuðstóll við andlát.

Við upplýsum þig um skilyrðin ef óskað er.

(3) Takmarkanir

Um hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát án nýs áhættumats gilda eftirfarandi takmarkanir:

- Tryggður höfuðstóll við andlát verður að hækka um að minnsta kosti 2.500 evrur.
- Tryggður höfuðstóll við andlát má í mesta lagi hækka um 25.000 evrur.
- Samtala alls tryggðs höfuðstóls úr öllum líftryggingarsamningum sama → tryggða einstaklings hjá Allianz Lebensversicherungs-AG má ekki vera hærri en 500.000 evrur.

- Tryggður höfuðstóll við andlát má í mesta lagi hækka um 250.000 evrur.

(4) Áhrif

Um útreikning hækkaðs tryggðs höfuðstóls við andlát gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.2.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(5) Áhrif á aðra þætti

- Þátturinn Örorkulífeyrir og hugsanlega tryggður aukalegur þáttur Viðbótarlífeyrir vega umönnunar hækka ekki um leið.
 - Þáttinn Höfuðstól við andlát af slysförum er aðeins hægt að hækka um leið og Tryggan höfuðstól til ellilífeyris, og þá í sama hlutfalli. úr grunnþættinum hækka
- Um útreikning hækkaðs tryggðs höfuðstóls úr þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum gilda reglur þessa þáttar í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirliðnum „Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum?“, málsgreininni „Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum“.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

5.2 Hvernig má lækka tryggðan höfuðstól við andlát?

Það ræðst af umsömdum Grunnþætti hvort lækka megi tryggðan höfuðstól við andlát

- án takmarkana,
- eingöngu samtímis og í sama hlutfalli og tryggðan höfuðstól til ellilífeyris eða
- alls ekki lækka.

Við upplýsum þig um forsendur og áhrifin ef óskað er.

5.3 Hvernig má útiloka þáttinn Höfuðstóll við andlát?

(1) Forsendur

Ef umsaminna Grunnþáttur gerir ráð fyrir hugsanlegri útilokun, má útiloka þáttinn Höfuðstóll við andlát.

Slíkt á til dæmis ekki við ef samið var um félagatryggingu.

Við upplýsum þig um skilyrðin ef óskað er.

(2) Áhrif

Ef þátturinn Höfuðstóll við andlát er útilokaður kemur í stað fyrri Grunnþáttar Ellilífeyrir nýr Grunnþáttur Ellilífeyrir með svofelldum bótum:

Ef hinn tryggði lifir lok umsaminns tryggingar-/biðtíma greiðum við tryggðan lífeyri úr Grunnþættinum á meðan hinn tryggði er á lífi.

Í stað lífeyris má einnig fara fram á greiðslu alls eða hluta tryggðs höfuðstóls til ellilífeyris við upphaf lífeyristöku.

- Ef hinn tryggði andast fyrir lok umsaminns tryggingar-/biðtíma greiðum við bætur úr Grunnþættinum samkvæmt reglum Grunnþáttarins í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirliðnum „Hvaða bætur greiðum við við andlát fyrir upphaf

lífeyristöku?“, málgrein „Bætur í umsaminni Endurgreiðslu iðgjalds-Plús“.

(3) Frekari áhrif

- Hæð umsamins tryggðs höfuðstóls til ellilífeyris til þessa samkvæmt Grunnþættinum breytist ekki.
- Við reiknum iðgjald nýja Grunnþáttarins Ellilífeyrir samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Þar gilda reglur Grunnþáttarins til þessa í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirliðnum „Hvaða reikniforsendur gilda um

trygginguna?“, málgreininni „Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum“.

Ef í Grunnþættinum var til þessa eingöngu tryggður höfuðstóll við lífun og enginn tryggður ellilífeyrir, þá gilda um nýja Grunnþáttinn tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem gert er ráð fyrir í bótum samkvæmt 2. mgr. þáttarins Höfuðstóll við andlát, á þeim tíma þegar gerður er nýr tryggingasamningur.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

Þátturinn Eftirlífendalífeyrir - Höfuðstóll við andlát af slysförum E3

Hér er að finna reglur þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum. Hér er einnig að finna ítarlegri reglur um hlutdeild í hagnaði og reglur um tengsl einstakra þátta. Reglur um Grunnþáttinn sem og reglur B og C hluta tryggingarskilmálanna gilda einnig um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum ef annað er ekki tekið fram hér á eftir.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 1.1 Hvaða bætur greiðum við?
- 1.2 Hvað er slys samkvæmt þessum skilmálum?
- 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum?

1.1 Hvaða bætur greiðum við?

Ef hinn tryggði andast af afleiðingum slyss greiðum við þann tryggða höfuðstól sem um var samið fyrir slíkt tilvik.

Forsendur fyrir því eru:

- Slysið átti sér stað eftir gildistöku þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum og
- andlátíð ber að höndum á tryggingartíma þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum og innan eins árs frá því að slysið varð.

1.2 Hvað er slys samkvæmt þessum skilmálum?

Um slys er að ræða þegar hinn tryggði verður fyrir óvæntum og óæskilegum utanaðkomandi atburði (slysatilvik) sem líkamstjón hlýst af.

1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum?

Reikniforsendur við gerð samnings um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum

Við gerð samningsins um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum greiðslum:

- dánartíðnitöflu okkar „AZ 2012 T U“,
- reiknivextina 0,9 prósent og
- kostnað vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum (sjá nánar í tölulíð 3).

(2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar greiðslur hækka (til dæmis vegna hluta í hagnaði) reiknum við viðbótarbæturnar alltaf út frá reikniforsendunum (einkum →reiknivöxtum, →dánartíðnitöflum og →kostnaði vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum) sem lagðar voru til grundvallar við gerð samningsins um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum. Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkuardeggi og snerta útreikning á bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirlvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV), getum við sömu leiðis lagt þær til grundvallar við hækkuð greiðslna. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á →bótasjóði breytast á ný, eftir hækkuð bóta, getum við, við síðari hækkuð bóta, beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast við beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við gerð samningsins um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum eða við síðustu hækkuð greiðslna.

Þegar bætur hækka leggjum við við útreikning á viðbótarbótum í hæsta lagi það prósentustig kostnaðar vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum til grundvallar, sem lagt var til grundvallar við samningsgerð.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar bætur hækka gilda þessar reglur á sama hátt í viðkomandi köflum þessara tryggingarskilmála nema skýrt sé kveðið á um annað.

2. Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum?
- 2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum?

2.1 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum?

(1) Þátttaka í tryggingum gegn eingreiðslu iðgjalds eða með misháum iðgjaldagreiðslum.

Þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum öðlast hlutdeild í þeim hagnaði sem náðist, og í fyrsta skipti í upphafi fyrsta tryggingarárs, allt eftir því í hvaða hóp áunnins hagnaðar tryggingunni var skipað, (árlegir hagnaðarhlutir).

Árlegur hagnaðarhlutur felst í hlut í vaxtahagnaði.

Hæð hans má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni og getur einnig verið núll.

a) Árlegir hagnaðarhlutir reiknaðir út

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar og leggjum þá til grundvallar skilgreinda prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma og viðkomandi reiknistuðul.

Reikniforsendurnar ráðast einkum af

- aldri hins tryggða,
- umsömdum tryggingartíma,
- þeim tryggingartíma sem þegar er liðinn og

- hæð umsamins tryggðs höfuðstóls.

Þær eru fundnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

b) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta

Við ráðstöfum árlegum hagnaðarhlutum þessa þáttar eins og reglur um Grunnþáttinn gera ráð fyrir í kaflanum „Greiðslur úr hagnaðarhlutdeild“, undirkaflanum „Hvernig er hagnaðarhlutum tryggingarinnar ráðstafað?“

Þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum öðlast ekki sérstaka hlutdeild í hagnaði.

2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum?

Matssjóðunum er deilt á samningana samkvæmt aðferð sem tekur mið af orsakarsamhengi. Þættinum Höfuðstóll við andlát falla engir eða aðeins smávægilegir matssjóðir í skaut.

Iðgjaldahlutir þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum eru reiknaðir þannig að þeirra er þörf til að standa undir áhættu og kostnaði. Þar af leiðandi eru engar eða aðeins óverulegar fjárhæðir fyrir hendi til fjárfestinga sem nýta mætti til að byggja upp matssjóði.

3. Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins

Hvaða ítarlegri reglur gilda um kostnað vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum?

(1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Við reiknum ekki samningsgerðar- og sölukostnað á þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum.

(2) Annar kostnaður

Þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum fylgir annar kostnaður. Þér ber einnig að greiða þann kostnað. Til annars kostnaðar þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum telst einkum

umsýslukostnaður. Umsýslukostnaður vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum er kostnaðurinn vegna stöðugar umsýslu þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum.

Allur annar kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Á meðan iðgjöld eru greidd leggjum við á þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum annan kostnað sem prósentuhlut höfuðstóls við andlát af slysförum. Þennan annan kostnað drögum við af iðgjöldunum samkvæmt þeim greiðsluhætti sem þú valdir.

4. Takmarkanir bóta og útilokanir frá bótum

Í þessum hluta er fjallað um:

- 4.1 Hverjar eru grundvallarreglur bótaskylda okkar?
- 4.2 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar takmörkuð?
- 4.3 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar útilokuð?

4.1 Hverjar eru grundvallarreglur bótaskylda okkar?

Í grundvallaratriðum greiðum við bætur óháð því hvernig slysið vildi til.

4.2 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar takmörkuð?

Ef andlátíð orsakaðist, auk slyssins, af völdum veikinda eða langvarandi heilsubreysts að 25 hundraðshlutum eða meira, lækkar greiðsluskylda okkar sem þeim hluta nemur.

4.3 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar útilokuð?

(1) Útilokanir frá bótum ef slys verður

Við greiðum engar bætur ef um slys er að ræða

a) sem rekja má til geð- eða vitundartruflana, og líka að svo miklu leyti sem rekja má þessar truflanir til ölvunar, sem og til heilablóðfalls, flogakasts eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða.

Við greiðum þó óskertar bætur ef truflanir þessar eða áföll stafa af slysi samkvæmt tölulíð 1.2.

b) vegna þess að hinn tryggði fremur glæp eða afbrot af ráðnum hug eða gerir refsiverða tilraun til þess;

c) vegna óeirða innanlands, ef hinn tryggði hefur tekið þátt í þeim sem fylgjandi þeirra er stofnuðu til óeirðanna;

d) beint eða óbeint sem afleiðing af stríðsátökum.

Við greiðum þó óskertar bætur ef hinn tryggði andast meðan á dvöl hans stendur utan Þýskalands í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann tók ekki virkan þátt í.

e) vegna

- starfa hins tryggða sem stjórnandi loftfars (einnig flugíþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum,

- starfa sem annar í áhöfn loftfars,

- starfs sem vinna þarf með hjálp loftfars

eða

- við notkun geimfara.

f) sem beint eða óbeint komu til vegna kjarnorku.

g) sem beint eða óbeint komu til í tengslum við

- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (kjarna-, sýkla- eða efnavopna, (ABC-vopna) eða

- vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna, ef beiting eða losun miðaði að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur í tilvikum f) og g) ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirsjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri greiðsluskyldu. Kröfur um óskertar tryggingarbætur gjaldfalla ekki fyrr en í fyrsta lagi að þeim fresti liðnum.

h) sökum sjúklegra truflana sem afleiðingar sálrænna viðbragða, óháð því hvernig þau eru til komin.

h) sem afleiðingar sálrænna viðbragða, óháð því hvernig þau eru til komin.

(2) Útilokanir frá bótum í öðrum tilvikum

Við greiðum heldur ekki ef um er að ræða

a) Heilsutjón sökum geislunar.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

b) Heilsutjón vegna lækningaráðstafana eða inngrip eða aðgerðir í öðrum tilgangi sem hinn tryggði framkvæmir eða lætur framkvæma á líkama sínum.

Við greiðum þó óskertar bætur ef til þessara inngripa eða lækningaráðstafana, þar með taldar geislagreiningar eða geislalækningar, er stofnað vegna slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

c) Sýkingar

Við greiðum þó óskertar bætur ef sóttkveikjurnar komust inn í líkamann vegna slyss samkvæmt tölulíð 1.2. Áverkarnir

- húð- og slímhúðarárverkar sem eru smávægilegir í eðli sínu og sem sóttkveikjurnar komast strax eða síðar inn í líkamann teljast ekki slysaárverkar.

- sýkingar sem hljótast af lækningaráðstöfunum.

Þessar takmarkanir eiga ekki við um hundæði og stífkrampa.

d) Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna um kokið.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

e) sjálfsvíg af ráðnum hug.

Þetta gildir einnig þó svo að hinn tryggði hafi framið verknaðinn í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun.

Við greiðum þó óskertar bætur ef þetta ástand orsakast af slysi samkvæmt töluíð 1.2.

5. Sérstakar samstarfsskyldur þínar

Auk þeirra samstarfsskyldna sem taldar eru upp hér á eftir gilda einnig þær samstarfsskyldur Grunnþáttarins sem gilda um alla þætti og tilgreindar eru í kaflanum „Samstarfsskyldur þínar“.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 5.1 Hvað þarf að hafa í huga þannig að lagaleg réttindi glatist ekki eftir andlát hins tryggða af slysförum?
- 5.2 Hverjar eru afleiðingar þess að brjóta gegn samstarfsskyldu?

5.1 Hvað þarf að hafa í huga þannig að lagaleg réttindi glatist ekki eftir andlát hins tryggða af slysförum?

(1) Tilkynningarskylda

Tilkynna verður okkur tafarlaust um andlát hins tryggða af slysförum – helst innan 48 klukkustunda.

(2) Samstarf við greiningu á bótaskyldu

Til að skera úr um greiðsluskyldu okkar getum við farið fram á frekari nauðsynlegar sannanir og upplýsingar. Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma skoðun eða krufningu ef þurfa þykir.

Verði okkur neitað um heimild til krufningar erum við leyst undan greiðsluskyldunni. Þetta á þó ekki við ef neitunin hefur engin áhrif á ákvörðun eða umfang

bótaskyldu okkar.

5.2 Hverjar eru afleiðingar þess að brjóta gegn samstarfsskyldu?

Bætur okkar gjaldfalla þegar við höfum lokið nauðsynlegri gagnaöflun í því skyni að leggja mat á tryggingartilvikið og umfang bóta. Ef þú rækir ekki einhverja af þeim skyldum sem tilgreindar eru í þessum kafla getur það leitt til þess að við náum ekki að leggja mat á hvort eða að hve miklu leyti við erum bótaskyld. Brot gegn samstarfsskyldu getur þannig leitt til þess að bótagreiðslur okkar gjaldfalla ekki.

6. Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar

Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?

Veita verður okkur nauðsynleg sönnunargögn um tildrög slyssins og afleiðingar slyssins svo ákvarða megi bótaskylduna. Auk þess er okkur heimilt að afla sjálf nauðsynlegra gagna.

Þegar okkur hafa borist öll nauðsynleg sönnunargögn og að lokinni nauðsynlegri gagnaöflun tilkynnum við í síðasta lagi að fjórum vikum liðnum skriflega (til dæmis með bréfi, símbréfi, tölvupósti) hvort við greiðum bætur og þá hversu miklar.

7. Tengsl þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum við Grunnþáttinn

Í þessum hluta er fjallað um:

- 7.1 Í hvaða tilvikum fellur þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum niður þegar Grunnþættinum lýkur?
- 7.2 Hvaða áhrif hefur það á þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum að lækka iðgjaldið fyrir Grunnþáttinn?
- 7.3 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum?
- 7.4 Hvernig er hægt að hækka á ný eða endurvekja tryggingarvernd þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum eftir lækun iðgjalds eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds?
- 7.5 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum?

7.1 Í hvaða tilvikum fellur þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum niður þegar Grunnþættinum lýkur?

(1) Tengsl við Grunnþáttinn

Þátturinn höfuðstóll við andlát myndar eina heild ásamt Grunnþættinum; ekki er hægt að halda honum áfram án

Grunnþáttarins. Þátturinn Höfuðstóll við andlát fellur þar af leiðandi niður í síðasta lagi þegar Grunnþættinum lýkur eða í síðasta lagi við töku lífeyris úr Grunnþættinum.

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld og ef umsaminn iðgjaldsgreiðslutími Grunnþáttarins er styttri en tryggingar- eða biðtíminn, þá lýkur þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum í lok umsamins iðgjaldsgreiðslutíma.

(2) Tryggingarvernd heldur áfram við óvinnufærni

Ef samið var um þáttinn Lífeyrir vegna óvinnufærni og ef við höfum, að fullu eða að hluta, leyst þig undan þeirri skyldu að greiða iðgjöld vegna þess að hinn tryggði er óvinnufær, þá heldur þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum áfram.

7.2 Hvaða áhrif hefur það á þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum að lækka iðgjaldið fyrir Grunnþáttinn?

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld fyrir Grunnþáttinn og ef iðgjald fyrir Grunnþáttinn er lækkað skerðast greiðslur úr Grunnþættinum. Þar af leiðandi skerðist líka tryggingarvernd þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar. Skerti tryggði höfuðstóll þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum samsvarar þá þeim hluta Grunnþáttarins sem lækkaða iðgjaldið er greitt fyrir framvegis.

7.3 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum?

Ef tryggingin er gerð iðgjaldsfrí fellur þátturinn Höfuðstóll við andlát af slysförum úr gildi.

7.4 Hvernig er hægt að hækka á ný eða endurvekja tryggingarvernd þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum eftir lækkun iðgjalds eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

Ef greiðsla úr Grunnþættinum og þar með tryggingarverndin úr þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum skerðist sökum þess að iðgjald lækkar eða vegna undanþágu frá greiðslu iðgjalds (tölul. 7.2) eða ef þátturinn fellur úr gildi (tölul. 7.3) má fara fram á að þessi tryggingarvernd hækki eða verði endurvakin gegn greiðslu einstaks iðgjalds. Forsendur fyrir því eru:

- Beiðnin þarf að berast okkur innan sex mánaða frá lækkun eða frá því að iðgjaldsundanþága var veitt.

- Hlutfallið milli bóta úr þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum, annars vegar, og bóta úr Grunnþættinum, hins vegar, eftir hækkun eða endurheimt, verður að vera í samræmi við það hlutfall sem ríkti fyrir lækkun eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

7.5 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum?

(1) Endurkaupvirði tryggingarinnar

Ef þú segir tryggingu upp, þá greiðum við – sé það fyrir hendi – endurkaupvirði tryggingarinnar. Það er sett saman úr endurkaupvirði Grunnþáttarins og endurkaupvirði annarra umsaminna þátta.

Endurkaupvirði þáttarins Höfuðstóll við andlát er bótahöfuðstóll þáttarins (169. gr. laga um tryggingasamninga (VVG)) eins og hann reiknast samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar þar sem lagðar eru til grundvallar iðgjaldareikniforsendur á uppsagnardegi.

(2) Frádráttur

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 1. mgr. reiknum við frádrátt vegna grunnþáttarins og vegna frekari umsaminna þátta. Frádráttur vegna þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum fer þó ekki fram. Í tryggingargögnunum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Okkur ber að gera grein fyrir honum og færa sönnur á hann. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkunum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkunum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds og uppsögn þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum

Í þessum hluta er fjallað um:

- 8.1 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?
- 8.2 Hvað gildir um uppsögn?

8.1 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

Ekki er hægt að gera þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum iðgjaldsfrían.

8.2 Hvað gildir um uppsögn?

Hægt er að segja upp þættinum Höfuðstóll við andlát af slysförum. Þú átt hins vegar hvorki rétt á endurkaupvirði né iðgjaldsfríum bóttum.

Tryggingarskilmálar:

B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A hluta. Reglur B hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

(1) Tilkynningaskylda

a) Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Áður en þú leggur fram samningsyfirlýsingu þína er þér skylt að segja til um allar aðstæður sem hafa áhrif á áhættu sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi, sannleikanum samkvæmt og undandráttafrelst. Aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eru aðstæður sem skipta máli fyrir ákvörðun okkar um að gera samning yfir höfuð eða með umsömdu efni.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, sem við spyrjum um í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína, en fyrir samþykkt samnings.

b) Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan einstakling en þig er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnunum og undandráttafrelsum svörum við spurningunum í textaformi.

c) Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef einhver annar svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitneskju og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

(2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

a) Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í 19. til 22. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan bótaskyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- véfengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga gildir aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu á textaformi.

Ef samið var um þáttinn Örorku- eða Umönnunarbætur eða HeilsuVerndarSkirteini gildir eftirfarandi um þá þætti: Við afsöllum okkur þeim rétti sem við eigum tilkall til samkvæmt 19. gr. laga um

váttryggingarsamninga (VVG) að mega breyta samningi og segja honum upp, ef brot gegn tilkynningaskyldu er ekki af þínum völdum.

b) Endurkaupvirði og frádráttur við riftun eða véfengingu

Ef við riftum samningnum eða véfengjum samninginn vegna sviksamlegra blekkinga greiðum við endurkaupvirðið sem yrði einnig greitt við riftun af þinni hálfu. Af þessari upphæð reiknum við frádrátt. Í tryggingargögnunum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar. Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur síðan sönnun á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækjum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

c) Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður ef liðin eru meira en 5 ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu í gegnum bótamál sem upp kom fyrir lok þessa frests. Frestur samkvæmt 1. setningu nemur 10 árum ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru tíu ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

(3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækkum iðgjaldið um meira en tíu prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingarvernd við aðstæður sem okkur var ekki tilkynntar um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG).

(4) Tryggingarvernd aukin eða endurheimt

Málgreinar 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingarvernd er aukin eða endurheimt eftirá þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

(5) Kraftist er skriflegra gagna

Kraftist er skriflegra gagna þegar beita á rétti til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða breytingar á samningi. Símbréf eða tölvupóstur uppfylla ekki kröfu um skrifleg gögn.

(6) Umboð til móttöku

Hafirðu ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst bótaþegi hafa umboð til þess, að þér látnum, að taka við yfirlýsingu frá okkur. Ef enginn bótaþegi er fyrir hendi eða ekki reynist unnt að hafa uppi

á aðsetri hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskráteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?
- 2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?
- 2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?

(1) Greiðslutímabil

Iðgjald af tryggingunni skal greiða

- í einu lagi eða
- með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert umsamið greiðslutímabil. Í því tilviki og eftir því hvernig um samdist er greiðslutímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskráteininu. Iðgjöldin eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

(2) Gjaldddagi tryggingariðgjalda

a) Fyrsta eða einstakt iðgjald

Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef samið var um það okkar í millum að tryggingavernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta hvers mánaðar í hverju umsömdu greiðslutímabili hafi ekki verið um annað samið.

(3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjaldddaga til þess að iðgjaldið berist okkur.

Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjaldddaga
- og eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki var hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) til að greiða iðgjaldið.

(4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

(5) Greitt með skuldfærslubeiðni

a) SEPA-skuldfærsluheimild

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur til þess SEPA-skuldfærsluheimild.

b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

c) Afleiðingar þess að skuldfærsla misferst

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á það að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölul. 2.2 og 2.3).

2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C hluta, tölul. 1). Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölul. 2.1 hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir bótamál sem koma upp í millitíðinni, nema hægt sé að sýna okkur fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur ef við höfum ekki með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskráteininu bent þér á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið.

(2) Riftunarréttur okkar

Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef sannað er að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskyldum tíma í skilningi 2. mgr. b) tölul. 2.1 er það komið í vanskil án frekari greiðsluáskorana. Þá eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut. Þú lendir ekki í vanskilum ef þú berð ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

(2) Frestir

Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera að minnsta kosti 2 vikur.

(3) Tryggingarvernd fellur niður eða skerðist ef frestur líður án árangurs

(4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur líður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests. Forsenda þess er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þegar um leið og fresturinn var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og fresturinn er veittur. Ef greiðslan er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

Í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn fellur tryggingavernd niður eða skerðist, ef

- greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

(5) Samningur heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftir á

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar. Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út.

Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirgreiðsla er innt af hendi fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

3. Aðrar samstarfsskyldur

Hvaða samstarfsskyldur aðrar þarf að hafa í huga?

(1) Skylda til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn

Ef lagalegar reglur skylda okkur til að afla upplýsinga og gagna um tryggingu þína, vista þau og vinna úr þeim verður þú að láta okkur í té tafarlaust - sem merkir án saknæmrar tafar - nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn við samningsgerð eða þegar eftir því verður leitað. Þetta á einnig við ef breytingar verða síðarmeir á þeim upplýsingum, gögnum og fylgigögnum sem þú lést í té við samningsgerð eða þegar eftir því var leitað.

Ef þriðji aðili á réttindi í gegnum samning þinn og ef upplýsingagjöf hans og tilkynningar skipta máli ber þér einnig að sinna samstarfi hvað hann varðar að þessu leyti.

(2) Nauðsynlegar upplýsingar

Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru öll málsatvik sem geta verið afgerandi við mat á skattalegu lögheimili, skattalegu

lögheimili þriðju aðila sem eiga kröfu á grundvelli samningsins sem og skattalegu lögheimili þess sem tekur við bótagreiðslunum. Þar vege þyngst þýsk og erlend skattaleg lögheimili, auðkennisnúmer gagnvart skatti, fæðingardagur, fæðingarstaður og heimilisfang.

(3) Lögboðið samstarf vegna tilkynningaskyldu vanrækt

Ef við sem tryggjandi lútum lögboðinni tilkynningaskyldu þurfum við að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 2. mgr. til innlendra og erlendra skattyfirvalda. Ef þú lætur okkur nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn ekki í té eða ekki á tilskyldum tíma verður þú að ger ráð fyrir að við tilkynnum innlendum og erlendum skattyfirvöldum um samningsgögn þín, óháð því hvort skattalegt lögheimili sé fyrir hendi eða ekki.

Ef þú rækir ekki samstarfsskyldur þínar samkvæmt 1. og 2. málsgrein er okkur heimilt að halda eftir bótagreiðslum. Þetta á við þar til okkur hafa verið veittar þær upplýsingar sem við þörfnumst til að geta staðið við lagaskyldur okkar.

C hluti - Almennar reglur

Reglur C hluta gilda um allan samninginn, svo framfarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Upphaf tryggingarverndar

Hvenær hefst tryggingarverndin?

(1) Grundvallarregla

Tryggingarverndin hefst með lokum samningsgerðar en þó ekki fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.

Tryggingarverndin hefst því aðeins á tilgreindum tíma að þú hafir greitt fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölul. 2.1 í B hluta. Ef þú greiðir iðgjaldið ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin ekki fyrr en frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá 1. mgr. tölul. 2.2 í B hluta).

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

(2) Tryggingarvernd aukin

Ef tryggingarvernd er aukin eftirá gildir 1. mgr. einnig um þessa aukningu tryggingarverndar.

2. Tryggingarskírteini

Hvað felst í tryggingarskírteininu?

(1) Eigandi

Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við bótum. En við getum farið fram á það að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Sönnun á ráðstöfunarrétti

Ef bótaþegi hefur veitt öðrum eða afturkallað viðtökurétt eða afsalað sér eða veðsett kröfur þurfum við eingöngu að viðurkenna staðfestingu á þessum rétti frá eiganda tryggingarskírteinis ef sá sem hafði þennan rétt hingaðtil staðfestir ráðstöfunina skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

3. Þýskur réttur

Hvaða réttur gildir um samninginn?

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

4. Varnarþing

Hvar má bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Undir hvaða lögsögu heyra málshöfðanir þínar?

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni má höfða fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem það útibú okkar sem annast samning þinn eða höfuðstöðvar eru. Þú getur líka höfðað mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili eða býrð að staðaldri ef lögheimili er ekkert þegar málið er höfðað.

Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða sameignarfélag (Personengesellschaft)

sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

(2) Undir hvaða lögsögu heyra málshöfðanir á hendur þér?

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum verðum við að höfða fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málið er höfðað má höfða mál

fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða það útibú sem annast samning þinn.

Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess. Ef aðsetur þess er óþekktur getum við höfðað mál fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða það útibú sem annast samning þinn.

(3) Lögsaga dómstóls ef búseta er utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss.

Ef þú flytur heimili þitt eftir samningsgerð til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál út af tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem höfuðstöðvar okkar eru.

5. Fyrning

Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum, lögum samkvæmt?

(1) Fyrningarrestur og ráðandi lagareglur

Kröfur samkvæmt samningnum fyrnast á þremur árum samkvæmt 195. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB). Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB).

(2) Fyrningu frestað meðan bótaskylda okkar er í athugun

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þér eða þeim sem lagði kröfuna fram berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti).

Tryggingarskilmálar:
Hugtakaskýringar

Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Í texta fyrsta þáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi:

→Tryggingartaki.

Tryggður lífeyrir frá upphafi lífeyristöku:

Tryggðan lífeyri frá upphafi lífeyristöku greiðum við frá upphafi lífeyristöku á meðan hinn tryggði er á lífi. Hann samanstendur af þeim tryggða lífeyri og þeim greiðslum sem bætast við úr þeirri hlutdeild í hagnaði sem úthlutað verður fram að upphafi lífeyristöku og þeirri hlutdeild í matssjóðunum sem fjallað var um við samningsgerð. Tryggður lífeyrir, og þar með tryggður lífeyrir frá upphafi lífeyristöku, hækka auk þess enn frekar um þann hlut í lokahagnaði sem úthlutað er við upphaf lífeyristöku, ef samið var um viðbótarlífeyri eða útborgun hagnaðarluta vegna hlutdeildar í lokahagnaði eftir upphaf lífeyristöku.

Biðtími:

Biðtíminn er allt tímabilið frá umsömdu upphafi tryggingar til umsamins upphafs lífeyristöku. Hann tekur þar af leiðandi einnig til tímans fram að nýju umsömdu upphafi lífeyristöku, til dæmis þegar bótum er frestað.

Mótvægi:

Mótvægi ákvarðast hjá fjölskyldudómstól. Hann sýnir helming verðmætis áunninna réttinda í hjónabandinu, svonefnda hjónabandshlutdeild, (1. grein laga um jöfnun lífeyrisréttinda).

Virkur bankadagur:

Virkir bankadagar, einnig nefndir viðskiptadagar, eru þeir dagar þegar lánastofnanir í Þýskalandi eru opnar fyrir almenn viðskipti. Virkir bankadagar eru þar af leiðandi mánudagur til föstudags. Helgar og þýskir helgidagar á landsvísu sem og 24.12. og 31.12 eru ekki virkir bankadagar.

Matssjóðir:

Matssjóðir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi.

Reiknistuðull:

Við lýsingu á reiknistuðlum þeim sem prósentuhluti hagnaðarlutdeildar vísar til hverju sinni, notum við hugtök úr tryggingastærðfræðinni. Reiknistuðlarnir ráðast einkum af tryggingarþætti, aldri hins tryggða, upphafi lífeyristöku og hæð tryggðs höfuðstóls. Reiknistuðlarnir eru fundnir samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

Bótahöfuðstóll:

Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar út frá forsendum

iðgjaldaútreiknings. Hann er grundvöllur að endurkaupverði, lokagreiðslu og hlutdeild í matssjóðum.

Framlag í bótasjóð:

Tryggingarfélögum ber lagaleg skylda til að mynda bótasjóði vegna skuldbindinga gagnvart tryggingartökum. Bótasjóðir samsvara þeirri upphæð sem þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé, ásamt væntanlegum tryggingaiðgjöldum, að fjármagna tryggðar tryggingarbætur.

Bótasjóðir eru reiknaðir út samkvæmt ákvæðum 341. gr. e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerð.

Kostnaður:

Kostnaður í skilningi þessara skilmála er sá kostnaður sem tekið var tillit til í iðgjaldaútreikningi (samningsgerðar- og sölukostnaður sem og annar kostnaður). Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Til kostnaðar í skilningi þessara skilmála telst auk þess sérstakur kostnaður sem af þér hlýst sem við getum innheimt sérstaklega (sjá C hluta, 3. tölul.).

Hinn samtryggði:

Ef samið var um eftirlífendalífeyri er hinn samtryggði sá einstaklingur sem greiða skal fyrir eftirlífendalífeyri ævilangt eftir andlát hins tryggða.

Félagatryggingar:

Í félagatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða. Reglur tryggingarskilmála sem fjalla um hinn tryggða gilda um félagatryggingar á sama hátt. Þar nægir – ef ekki er kveðið á um annað í tryggingarskilmálunum að þeir málavextir sem um getur í tryggingarskilmálunum eigi við um einhvern einn hinna tryggðu.

Reiknaður aldur:

Reiknaður aldur er aldur hins tryggða hverju sinni – þá er aldursári sem er hafið, en ekki lokið, bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir.

Reiknivextir:

Reiknivextir eru sú vaxtaþrósentá sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum bótum.

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds:

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds (RfB) er ákveðinn tryggingartæknilegur varasjóður í ársuppgjöri váttryggjanda. Þessi varasjóður er ígildi verðmætis krafna tryggingartaka vegna hlutdeildar í framtíðarhagnaði í skilningi verslunarlaga.

Töflur:

Töflurnar sem við styðjumst við í tryggingastærðfræðinni lýsa í tölum líkum á og/eða tíðni tiltekinna atburða. Þær eru grundvöllur

útreikninga okkar sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

- Með dánartíðnitöflum er hægt að ætla hverju dánartilviki tiltekna líkur.
- Með frekari töflum getum við ætlað öðrum tryggingartilvikum, eins og til dæmis tilkomu og lokum óvinnufærni eða umönnunarþörf, tíðni dauðsfalla hjá óvinnufærum og þeim sem umönnunarþurfi eru, endurteknum hjónaböndum og svo framvegis, ákveðin líkindi.

Skriptikostnaður:

Skriptikostnaður er kostnaður sem fellur á þann sem á réttindin vegna skiptanna. Jöfnunarskyldi einstaklingurinn og jöfnunarréttshafi bera kostnaðinn að jafn stórum hluta.

Upplýsingar um hæð skriptikostnaðar má sjá í vöruupplýsingablaðinu.

Prósentuhlutur í hagnaði:

Prósentuhlutur í hagnaði eru ákvarðaðir sem prósentuhlutur tiltekinn reiknistuðla. Slíkt fer fram fyrir hvern hagnaðar- og undirhóp fyrir sig sem og fyrir mismunandi tegundir hagnaðarhluta (sjá tölulið 2.3, A hluti - Þátturinn Ellilífeyrir).

Prósentuhlutur í hagnaði eru tilgreindir hverju sinni í prósentum í viðauka við ársskýrslu okkar eða tryggingartaka er greint frá þeim með öðrum hætti.

Ábyrgur tryggingafræðingur:

Sérhvert líftryggingafyrirtæki verður að kalla til ábyrgan tryggingafræðing. Þessi aðili verður að vera áreiðanlegur og hæfur og búa yfir nægilegri kunnáttu í tryggingastærðfræði og starfsreynslu. Ábyrgur tryggingafræðingur skal einkum fylgjast með því að hægt verði til frambúðar að standa við skuldbindingar gagnvart tryggingatökum og að við útreikning á iðgjöldum og framlögum í bótasjóð sé farið að ákvæðum laga (141. gr. laga um tryggingaæftirlit - VAG).

Hinn tryggði:

Hinn tryggði er sá sem líftryggður er. Hinn tryggði þarf ekki nauðsynlega að vera tryggingartaki. Í félagatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða.

Tryggingartaki:

Tryggingartaki er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskírteininu.

Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í tryggingarskilmálunum eiga fyrst og fremst við um tryggingartaka sem viðsemjanda okkar.

Viðbótarbiðtími:

Framlengingartímabilið, það er að segja tímann frá upprunalegu upphafi lífeyristöku fram að frestaða upphafi lífeyristöku nefnum við viðbótarbiðtíma. Viðbótarbiðtíminn er þar með hluti biðtímans.

Allianz Lebensversicherungs AG

Kostnaðaryfirlit vegna aukalegrar umsýslu

Ef sérstök aukaleg umsýsla hlaut af þér þá gildir eftirfarandi kostnaður, svo framarlega sem gert er ráð fyrir viðkomandi atriðum í tryggingarskilmálum samningsins.

Númer	Atriði	Upphæð	Krafa
1	Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrita af tryggingarskírteini	20 evrur	ekki um þessar mundir
2	Veiting gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd	3 evrur	ekki um þessar mundir
3	Úrvinnsla greiðslna í vanskilum	20 evrur	ekki um þessar mundir
4	Úrvinnsla endursendra skuldfærslubeiðna	3 evrur	já
5	Frágangur breytinga á samningi	40 evrur	ekki um þessar mundir
6	Vinna við afsöl og veðsetningar	25 evrur	ekki um þessar mundir
7	Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu	15 evrur	ekki um þessar mundir
8	Millifærsla iðgjalds þíns frá stað utan SEPA-greiðslusvæðis eða millifærsla bóta frá okkur til staðar utan SEPA-greiðslusvæðis*	35 evrur	ekki um þessar mundir

Staða: 01. júní 2015

* Frá 1. ágúst 2014 gildir SEPA-greiðslusvæðið en ekki lengur Þýskaland.